



EINING-IÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
8. árgangur
Júní 2006



Bls. 10



*Breytingar á
sjúkrasjóði
félagsins*

Bls. 18



*To Eining-Iðja
members*

Bls. 23



ถึงสมาชิก Eining-Iðja ทุกคน

Bls. 24



*Vinnu-
miðlunar-
kerfið gert
markvissara*



ENNEEM / SA / NM21424

**Goðapylsur eru sjóðheitar
hjá fólki á öllum aldri.**

GODI

-alltaf góður

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



Skýr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

**Útgefandi: Eining-Iðja**

Skipagötu 14, 600 Akureyri
Sími 460 3600, bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:

Fremri kynningarþjónusta,
Þórsstíg 4, Akureyri.
Sími: 461 3666 - Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar:

Andrea Sompit Siengboon
og Rafn Kjartansson

Auglýsingar:

P. J. auglýsinga- og markaðs-
þjónusta. Símar 566 8262 & 861 8262.
Bréfasími 566 8236.
Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd:

Sólsetur. Myndin er tekin í orlofsferð.
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson.

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík:

Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041
Starfsmaður á skrifstofu er Guðrún
Skarphéðinsdóttir. runa@ein.is
Opið kl. 10-14 mánudaga, þriðjudaga, fimmtu-
daga og föstudaga
og kl. 10-16 á miðvikudögum.

Fulltrúi Einingar-Iðju í Ólafsfirði

er er Gunnar Kristinsson, hjá Sjómannafélagi
Ólafsfjarðar. Skrifstofan er opin frá kl. 13:00
til 16:00 alla virka daga, sími 466 2434.
Hafðís Kristjánsdóttir, formaður Svæðisráðs
Ólafsfjarðar, mun einnig sinna einstökum
málum. Hægt er að ná í hana í síma
466 2260 og 866 2562.

Fulltrúi Einingar-Iðju í Hrísey

er Elísabet Jóhannsdóttir, sími 466 1744.

Fulltrúi Einingar-Iðju í Grýtubakkahreppi

er Marsibil E. Kristjánsdóttir,
sími 463 3204.

Efnisyfirlit

- 6** Átta sæmdir gullmerki félagsins
- 7** Minning: Ágúst Kolbeinn Sigurlaugsson
- 8** Fjölmennur aðalfundur Einingar-Iðju
- 10** Miklar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
- 12** 1. maí hátíðarhöld á Akureyri
- 14** Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 14** 10. bekkingar heimsóttir áttunda árið í röð
- 16** Baráttan stendur og fellur með því að sýna samstöðu
- 18** To Eining-Iðja members
- 19** Örfá sæti laus!
- 19** Afsláttur í Hvalfjarðargöngin
- 20** Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-Iðju
- 22** Afsláttur hjá Edduhótelum
- 23** **ถึงสมาชิก Eining –Iðja ทุกคน**
- 24** Atvinnuleysis- og vinnumiðlunarkerfið gert markvissara
- 26** Hitaveita í öll hús á Illugastöðum
- 26** Bætt kjör og réttindi fatlaðra
- 26** Íbúðum félagsins í Reykjavík fjölgað
- 26** Lausar vikur í orlofshúsum
- 28** Stjórnir og nefndir starfsárið 2006-2007
- 30** Krossgáta



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is





Njóttu sumarsins!

HVÍTA HÚSD / SÍA / ACTAVIS 505031

Lóritín® – Kröftugt ofnæmislyf



Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadin sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. **Varúðarreglur:** Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta.

Aukaverkanir: Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. **Skömmtun:** Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára.

Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

actavis
hagur í heilsu



Hér eru samankomnir sjö af átta er hlutu gullmerki félagsins ásamt formanni og varaformanni þess. Á myndina vantar Sævar Frímansson, sem dvelst erlendis og gat því ekki veitt gullmerki sínu viðtöku. Talið f.v: Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, Guðmundur Björnsson, Hilmir Helgason, Elísabet Jóhannsdóttir, Valdimar Thorarensen, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Gunnar Stefánsson, Þorgerður Sveinbjörnsdóttir og Mattíldur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-löðu.

Átta sæmdir *gullmerki* félagsins

Á aðalfundi Einingar-löðu sem haldinn var fimmtudaginn 27. apríl sl. voru átta félagar sæmdir gullmerki félagsins. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, sagði við tilefnið að allir sem hlutu viðurkenningu hafa unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það hefur ekki verið sjálft að hæla sér af verkum sínum sem það þó hefði auðveldlega getað gert. Í þeirra huga var samstarfsfólkið og félagið ofar á blaði. Eyfirskt verkafólk á ykkur mikið að þakka fyrir ykkar óeigingjarna starf og viðurkenning sú sem ykkur er veitt í dag er mjög smá miðað við það sem þið hafið lagt af mörkum,“ sagði Björn.

Þeir sem hlutu gullmerki félagsins eru eftirtaldir:

Hilmir Helgason

Var lengi trúnaðarmaður á sínum vinnustað, formaður Bilstjóradeildar félagsins í áratugi. Var formaður orlofsnefndar Tjarnargerðis í áratugi. Hefur setið í stjórn Einingar-löðu og áður Verkalýðsfélagsins Einingar um langt skeið og hefur gegnt ótalmörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið og er enn að. Hann á sæti í trúnaðarráði félagsins.

Guðmundur Björnsson

Var trúnaðarmaður á sínum vinnustað, hefur setið í stjórn Bilstjóradeildar félagsins í áratugi. Hefur verið varaformaður Tækja-, flutninga- og byggingadeildar félagsins frá stofnun. Var í orlofsnefnd Tjarnargerðis í áratugi og er enn. Sat í stjórn Verkalýðsfélagsins Einingar um skeið og hefur gegnt ótalmörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Valdimar Thorarensen

Var lengi trúnaðarmaður á Sambandsverksmiðjunum, sat í stjórn löðu og hefur gegnt ótal trúnaðarstörfum bæði fyrir löðu, og eftir sameiningu félaganna, fyrir Einingu-löðu.

Elísabet Jóhannsdóttir

Hefur verið lengi trúnaðarmaður á sínum vinnustað í Hrísey. Hefur gegnt formennsku í Svæðisráði Hríseyjar í fjölmörg ár og þar á undan sem varaformaður. Hefur átt sæti í stjórn bæði Einingar-löðu og Verkalýðsfélagsins Einingar. Hún hefur sinnt ótalmörgum öðrum störfum fyrir félagið og er enn að.

Guðrún Skarphéðinsdóttir

Hefur verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað. Hefur gegnt formennsku í Svæðisráði Dalvíkur í fjölmörg ár og verið starfsmaður félagsins þar. Hefur átt sæti í stjórn bæði Einingar-löðu og Verkalýðsfélagsins Einingar. Einnig hefur hún átt sæti í stjórn Alþýðusambands Norðurlands fyrir hönd félagsins. Hún hefur sinnt ótalmörgum öðrum störfum fyrir félagið og er enn að.

Gunnar Stefánsson Grenivík

Hefur starfað mikið að verkalýðsmálum, m.a. verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað setið í stjórn Verkalýðsfélags Grýtubakkahrepps og síðan lengi í stjórn Svæðisráðs Grýtubakkahrepps einnig í trúnaðarráði félagsins og gegnt mörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Sævar Frímansson

Var formaður Verkalýðsfélagsins Einingar frá 1986 til 1991 og þar áður varaformaður til fjölda ára. Einnig var hann starfsmaður félagsins. Hann sat í miðstjórn ASÍ og framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands til margra ára sem fulltrúi félagsins. Einnig sinnti hann fjölmörgum öðrum störfum í þágu félagsins.

Þorgerður Sveinbjörnsdóttir

Hefur starfað mikið í Svæðisráði Dalvíkur og setið þar í stjórn í fjöldamörg ár. Einnig hefur hún átt sæti í trúnaðarráði Verkalýðsfélagsins Einingar og Einingar-löðu í mörg ár og setið í nefndum og ráðum á vegum félagsins.



Minning

Ágúst Kolbeinn Sigurlaugsson

Þann 1. maí sl., á baráttudegi verkafólks, var til moldar borinn Ágúst Kolbeinn Sigurlaugsson, fyrrum starfsmaður Einingar-löðu í Ólafsfirði, en hann lést eftir baráttu við illvígán sjúkdóm.

Stutt er síðan við kvöddum Gústa sem starfsmann Einingar-löðu, en nú nokkrum mánuðum síðar kvöddum við hann í hinsta sinn. Um síðustu áramót lét hann af störfum á skrifstofu félagsins í Ólafsfirði vegna aldurs, en hann hefði orðið sjötugur hinn 20. maí nk. Við eigum margar góðar minningar um Gústa og þökkum honum samfylgdina og fyrir að standa vaktina í Ólafsfirði fyrir Einingu og síðar Einingu-löðu öll þessi ár.

Hann hóf störf hjá félaginu eftir að hafa hætt sjómennsku í kjölfar hörmulegs sjóslyss sem gekk afar nærri honum og starfaði hann



fyrir félagið í 27 ár. Á þessum árum gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum, hann sat m.a.

í stjórn Ólafsfjarðardeildar félagsins um langt árabíll og var formaður um tíma. Hann var kjörinn fulltrúi á ótal fundi og þing fyrir hönd félagsins og alltaf var hægt að leita til hans ef eitthvað bjátaði á og hann var alltaf heill í störfum sínum fyrir félagið.

Á aðalfundi svæðisráðs Ólafsfjarðar, sem haldinn var hinn 1. mars sl., var hann sámdur gullmerki félagsins fyrir áratuga starf í þágu félagsmanna Einingar-löðu og honum þökkuað óeigingjörnt störf á liðnum árum.

Við þökkum Gústa fyrir góð kynni og ánægjulegt samstarf öll þessi ár og sendum Olgu og fjölskyldunni innilegustu samúðarkveðjur okkar.

Hvíl í friði.

Stjórn og starfsfólk Einingar-löðu.



www.spnor.is

**Lífsvál-lífeyrissparnaður
Sparisjóðsins**

**Hvað langar
þig að gera
þegar þú hættir að vinna?**

Láttu draumana rætast með Lífsváli

Helstu kostir Lífsvals

- Engin upphafspóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist



**SPARISJÓÐUR
NORÐLENDINGA**

til staðar fyrir þig

Fjölmennur aðalfundur Einingar-löju

Sjöundi aðalfundur Einingar-löju var haldinn á Akureyri fimmtudagskvöldið 27. apríl sl. Félagsmenn fjölmenntu á fundinn og sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. að miðað við stöðuna í dag þá teldi hann að það væri alveg ljóst að næsta haust muni koma til atkvæðagreiðslu í félögunum um uppsögn samninga.

Afkoma félagsins var mjög góð. Tekjuafgangur af reglulegri starfsemi félagsins varð rúmlega 33 milljónir króna árið 2005. Þá fengu rúmlega 50% félagsmanna greiðslu úr einhverjum sjóðum félagsins og er það aukning um 6% milli ára, sem verður að teljast mjög gott.

Í máli Björns kom fram að það væri ekki eins bjart framundan hjá félaginu og oft hefur verið. „Töluvert atvinnuleysi er á svæðinu og ég hræddur um að það geti versnað með tilkomu opunarinnar þann 1. maí, en þá getur fólk frá nýju ESB-löndunum komið hingað og unnið án atvinnuleyfa. Ég tel ástæðu til að óttast þetta og við þurfum að halda vöku okkar á næstunni varðandi þennan þátt.“

Björn sagði að nú væri vaxandi verðbólga sem kemur verst niður á þeim sem lægstu launin hafa og þeim sem hafa skuldbætt sig í góðærinu á undanförunum árum.



Félagsmenn Einingar-löju fjölmenntu á aðalfund félagsins þann 27. apríl sl.



„Nú virðist sá tími vera að baki, en við vitum náttúrulega öll að góðærið var alls ekki fyrir alla. En hvað skal gera? Við erum með stjórnvöld sem fljóta sofandi að feigðarósi! Þar er enginn vilji til að gera neitt vitrænt í þessum málum.“

Það er alveg ljóst í mínum huga að næsta haust muni koma til atkvæðagreiðslu í félögunum um uppsögn samninga. Miðað við stöðuna í dag getur ekkert komið í veg fyrir það.“

Hann nefndi einnig þá staðreynd að Eining-löja, sem langtum stærsta félagið á landsbyggðinni, gegni lykilhutverki félaga á landsbyggðinni og að formaður þess sitji í hópi formanna landssambanda og þriggja stærstu félaga sem er sá hópur sem leggur línurnar fyrir ASÍ. Björn minntist einnig á að nú á vordögum hafi komið fram hugmyndir um að sameina öll félög á Eyjafjarðarsvæðinu, þar með talið Vöku á Siglufirði, í eitt deildaskipt félag. „Ég er þessu mjög meðmæltur og sé fyrir mér rúmlega 8.000 manna félag sem gæti haft mjög öfluga þjónustu á öllu félagssvæðinu. Það mun koma í ljós á þessu ári hvort vilji er fyrir þessu,“ sagði Björn.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari og síðan formenn svæðisráðanna fjögurra, þær Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdis Kristjánsdóttir og Marzibil E. Kristjánsdóttir, og formenn deildanna fimm, þau Anna Júlíusdóttir, Eyþór Karlsson, Sigríður K. Bjarkadóttir, Valdimar Gunnarsson og Þorsteinn J. Haraldsson.

60 símtöl að meðaltali á dag

Álagið á skrifstofum félagsins var mikið, eins og oft áður, og þá einkum að svara fyrirspurnum félagsmanna varð-



Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, fer hér yfir skýrslu félagsins.

andi kaup og kjör og hefur það vaxið mjög undanfarin fimm ár og er greinilegt að fólk er áhugasamara nú en áður um rétt sinn. Einkum er það unga fólk sem er að skila sér og telur Björn að það sé afleiðing af fræðslustarfinu sem félagið hefur beitt sér fyrir í tíundu bekkjum grunnskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu.

Á Akureyri var hringt inn síðastliðna 11 mánuði 14.355 símtöl, þ.e.a.s. 1.305 á mánuði eða 60 símtöl að meðaltali á dag. Á Dalvík og Ólafsfirði alls 1.425 símtöl þ.e.a.s. 130 á mánuði eða rúmlega 6 símtöl að meðaltali á dag. Aukningin milli ára er því um 30%.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið stendur fyrir og er heilmikið notuð. Á árinu 2005 spörðu Einingar-löjufélagar sér 2.800.000 krónur á því að kaupa miðana hjá félaginu. Á árinu 2004 var sparnaðurinn 1.500.000 krónur og aukningin er því um 86%.

Aukið framboð á íbúðum í Reykjavík

Á árinu 2005 voru sautján og hálft orlofshús og þrjár íbúðir í eigu félagsins. Einingar-löja á jafnframt eina sjúkrahúsið í Reykjavík. Félagið tók einnig á leigu fjögur orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið, þá greiddi félagið út orlofsstyrki sem kallast „Vika að eigin vali“. Íbúðirnar í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja. Til að auka framboðið er nú búið að leigja íbúð í samvinnu við Félag byggingamanna Eyjafirði og í burðarliðnum er leiga á einni íbúð til viðbótar.

Búið er að setja upp fjóra heita potta við húsin á



Illugastöðum og nú í vor verða komnir heitir pottar við öll hús félagsins þar.

Bakkelsið og kaffið rann ljúflega niður í fundargesti í kaffihléinu.

Unnið að nýju skipulagi félagsins

Stjórn félagsins fékk Kristján Bragason, fyrrverandi framkvæmdastjóra Starfsgreinasambands Íslands, til að gera könnun meðal félagsmanna um skipulag félagsins.

Í niðurstöðum Kristjáns kemur fram að félagið er að standa sig nokkuð vel en að alltaf sé hægt að gera betur. Kristján hefur sett fram hugmyndir að nýju skipulagi sem stjórn félagsins mun skoða og gera tillögur í framhaldi af henni fyrir 1. nóvember 2006, þannig að hægt verði að kynna þær vel fyrir félagsmönnum og taka til afgreiðslu á aðalfundi félagsins árið 2007.

Á heimasíðu Einingar-löju, www.ein.is, er hægt að nálgast ársskýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.

Varðan veitir þér aukaafslátt af tryggingum

Kynntu þér hvað við getum gert meira fyrir þig á landsbanki.is.



Landsbankinn

Njóttu þess að vera í **Vörðunni**

Miklar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs *Einingar-löðu*

Á aðalfundi félagsins voru samþykktar miklar breytingar á reglugerð um sjúkrasjóð félagsins sem munu taka gildi þann 1. júlí nk. Nýmæli í lögum sjóðsins er að greitt sé vegna langveikra og alvarlegra fatlaðra barna, sem og vegna alvarlegra veikinda maka. Mestu breytingarnar varða styrkveitingar úr sjóðnum, en mikil breyting var gerð á dánarbótum og eins varðandi dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum.

Stjórn Einingar-löðu skipaði þann 21. febrúar sl. nefnd sem átti að fara yfir reglugerð um sjúkrasjóð og gera tillögur að breytingum á reglugerðinni. Í nefndinni voru eftirtaldir: Sigrún Lárusdóttir, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir og Þorsteinn J. Haraldsson.

Nefndin vann tillögur sínar samkvæmt fyrirmyndarreglugerð frá ASÍ, sem ársfundir Starfsgreinasambands Íslands og ASÍ voru búnir að samþykkja, en félög um allt land eru að samræma reglugerðir sínar þessari fyrirmyndarreglugerð. Verkalýðsfélögin þurfa að fara eftir fyrirmyndarreglugerðinni, en mega gera betur við félagsmenn sína en þar kemur fram. Í öllum þeim breytingum sem nú voru gerðar, er Eining-löðu að gera betur en fyrirmyndarreglugerðin segir til um.

Þorsteinn J. Haraldsson kynnti og útskýrði þær breytingar sem nefndin lagði til og sagði m.a. að þetta væru miklar breytingar sem ættu að koma félagsmönnum til

góða. Hann sagði jafnframt að sjúkrasjóðurinn þurfi að standa undir þessum breytingum og því væri auðvitað þörf á því að skera eitthvað niður á móti og minnstist þar einna helst á breytingar á dánarbótum.

Nýjungar varðandi dagpeningagreiðslur

Dagpeningar greiðast í allt að 6 mánuði að loknum greiðslum samkvæmt veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga og skulu að viðbættum bótum almannaþrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

Þá koma inn í reglugerðina nýjar dagpeningagreiðslur vegna langveikra og alvarlegra fatlaðra barna (undir 18 ára) og alvarlegra veikra maka sjóðfélaga. Um er að ræða allt að þriggja mánaða greiðslur og miðast þær einnig að lágmarki við 80% af meðaltali heildarlauna sjóðfélaga, sem greitt hefur verið af til sjóðsins á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun sem þarfnast sérstakrar umönnunar.

Hámark allra dagpeninga er kr. 250.000 á mánuði. Sjúkradagpeningar frá félaginu að viðbættum sjúkradagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins fara aldrei undir lágmarkslaun. Hafi umsækjandi haft lægri laun en lágmarkslaun á viðmiðunartímanum (hlutavinna) þá heldur hann þeim.

Dánarbætur hækkaðar um kr. 120.000

Eins og áður segir tekur nýja reglugerðin gildi þann 1. júlí nk. Eftir það verða ekki greiddar dánarbætur vegna annarra en þeirra sem eru að greiða til sjóðsins þegar þeir deyja. Láti félagsmaður af störfum vegna veikinda, helst réttur til dánarbóta í tvö ár eftir starfslok. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveimur árum fyrir andlát, en þá þarf að sækja um útfararstyrk til stjórnar sjúkrasjóðsins og þarf skattframtal næstliðins árs að fylgja slíkri umsókn.

Nefndin ákvað jafnframt að hækka dánarbætur, sem voru áður kr. 80.000, í kr. 200.000.

27% félagsmanna fengu greiðslu

Alls fengu 1.346 félagar bætur og styrki úr sjúkrasjóði á síðasta ári, að upphæð tæplega 46 milljónir króna. Þetta þýðir að rúmlega 27% félagsmanna fengu einhverja greiðslu úr sjúkrasjóði félagsins.

Sjá nánar í reglugerð sjóðsins á www.ein.is.

Mikill meirihluti fundarmanna samþykkti reglugerðarbreytinguna.



Þorsteinn J. Haraldsson fór yfir og útskýrði tillögur sem nefndin kom með að breytingum á sjúkrasjóði félagsins.

Óskum félagsmönnum farsældar í leik og starfi

saeplast
www.saeplast.com

PRICEWATERHOUSECOOPERS 
pwcglobal.com/is

 **HYRNA ehf**
BYGGINGAVERKTAKI • TRÉSMÍÐJA
Dalsbraut 1 • 600 Akureyri
Sími 461 2603 • Fax 461 2604



 www.kjoris.is

Síminn 
www.siminn.is

 **brimborg**
akureyri
www.brimborg.is

 **Skeljungur hf.**
www.shell.is

 **KARTÖFLUSALAN**
Sími 462 5800
GSM 864 6460
Fax 461 2571


Fiskmarkaður Dalvíkur ehf.
Sími 466 1140 • Fax 466 3114


SEMENTVERKMIÐJAN
Höfnavegur 22, 802 Akureyri, Sími 462 8022, Fax 462 8023
Eftirmarkaður semment.is


Sími 461 3700

SBA-NORÐURLEIÐ
sba@sba.is • www.sba.is

 **P. Alfredsson ehf.**
Draupnigötu 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248

 **ISS ISLAND**
www.iss.is


SECURITAS AKUREYRI HF.


Símar 461 1172 & 892 3762

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI VÍMYRARVEG • 600 AKUREYRI • SÍMAR 462-6099 & 461 2842


VÉLSMÍÐJAN ÁSVERK EHF.

 **Gullsmíðir**
Sigtryggur & Pétur sf.
Sími 462-3524 - Fax 461-1325

Deloitte.
Endurskoðun - Ráðgjöf
Sími 462 3811 • www.deloitte.is


HÚSASMÍÐJAN
Lönsbakka, 601 Akureyri
www.husasmidjan.is


Óseyri 1a • 603 Akureyri
Sími 461-2977

 **Daltré ehf.**
Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199 & 899 6218


ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
www.iv.is

GLØFI
randburg.com/is/glofi.html

 **TRÉSMÍÐJAN BÖRKURF**
Sími 462 1909

1. maí hátíðarhöld á Akureyri

„Samstaða við Eyjafjörð í 100 ár“

Fjölmarginir tóku þátt í hátíðarhöldunum stéttarfélaganna á Akureyri þann 1. maí sl. Lúðrasveit Akureyrar hóf leik við Alþýðuhúsið kl. 14:00, en hefðbundin hátíðardagskrá hófst í Alþýðuhúsinu kl. 14:30. Sú breyting var gerð á hátíðarhöldunum í ár að ekki var farið í kröfugöngu eins og venja hefur verið á þessum degi undanfarna áratugi.

Það var þétt setinn bekkurinn er Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyrri og nágrenni, flutti ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna. Að því loknu flutti Anna Guðný Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Alþjóðastofu, ávarp um málefni nýbúa. Lovísa Jónsdóttir, fulltrúi frá Hetjunum, flutti

einnig ávarp og Signý Jóhannesdóttir, formaður Vöku á Siglufirði, flutti að lokum aðalræðu dagsins. Allar ræðurnar eru aðgengilegar á www.ein.is.

Fjölbreytt skemmtidagskrá

Við hátíðarhöldin var í boði fjölbreytt og skemmtileg skemmtidagskrá. Þar spilaði Jón Helgi Sveinbjörnsson á gítar, dúettinn *Hundur í óskilum* fór á kostum eins og hans er von og vísa og nemendur MA og VMA fluttu atriði úr „Súperstar.“

Í Borgarbíói var boðið upp á kvikmyndasýningu fyrir börnin á myndinni Ísöld 2 og voru margir sem nýttu tækifærið og skelltu sér í bíó. Í Sal Einingar-löðu á annarri hæð Alþýðuhússins var einnig boðið upp á kvikmyndasýningu fyrir yngstu börnin.

Að lokinni dagskrá var hátíðargestum boðið upp á kaffiveitingar á fjórðu og fimmtu hæð hússins.

1. maí ávarp stéttarfélaganna á Akureyri 2006

„Í dag er hátíð, þá fögnum við unnum sigrum og eflum baráttuandann. Þann 6. febrúar síðastliðinn minntumst við þess að heil öld var liðin frá því að samfelld starf verkalýðsfélaga við Eyjafjörð hófst. Þann dag var afhjúpaður minnisvarðinn Samstaða sem mun standa um ókomna framtíð og minna okkur og afkomendur okkar á stofnun þess verkalýðsfélags sem er forveri marga verkalýðsfélaga sem nú starfa hér á svæðinu.“

Þann 6. febrúar árið 1906 komu 88 framsýnir einstaklingar við Eyjafjörð saman til fundar á Hótel Oddeyrri við Strandgötu og stofnuðu Verkamannafélag Akureyrar. Segja má að félagið hafi í fyrstu sinnt hagsmunamálum allra vinnandi karla á Akureyri, annarra en þeirra sem voru háttsettir stjórnendur eða opinberir starfsmenn.

Þegar saga þessa félags er skoðuð er ljóst, að markmiðið með stofnun þess var ekki að sækja fram með nýjar kröfur, í það minnsta fyrst í stað. Tilgangurinn var að verja það sem þegar hafði áunnist.

Þótt verkafólkið, sem stóð að stofnun þessa ágæta félags, væri framsýnt, má draga í efa að það hafi séð af-rakstur starfs síns fyrir, í það minnsta þegar til lengri tíma er litið.

Sagan sýnir að þaðan í frá varð ekki aftur snúið:

- Dagvinnutími styttesti úr 10 tímum í 8.
- Greiða þurfti hærri laun fyrir vinnu á helgidögum og um nætur en um hábjartan daginn.
- Orlofslögin og lög um atvinnuleysisstryggingar urðu að veruleika.
- Sjúkrasamlag varð til sem og sjúkrasjóðir stéttarfélaganna.
- Fyrir tilstilli kvennaarms verkalýðshreyfingarinnar litu stofnanir á borð við dagheimili, leikskóla og mæðrastyrksnefnd dagsins ljós.



Fjölmarginir lögðu leið sína í Alþýðuhúsið þann 1. maí sl.



Lúðrasveit Akureyrar lét ekki kulda og trekk slá sig útaf laginu og lék nokkur lög fyrir hátíðargesti.



Dúettinn Hundur í óskilum fór á kostum.

- Verkakonurnar kynntu einnig orlofsdöl og ýmiss konar fræðslu og fyrirlestra til sögunnar innan verkalyðshreyfingarinnar.
- Enn síðar voru stofnaðir lífeyrissjóðir almennra stéttarfélagana, en fram að því hafði trygging lífeyrisréttinda á efri árum verið forréttindi opinberra starfsmanna.
- Og þannig mætti lengi telja:
- Fæðingarorlof, fræðslustyrkir og trúnaðarmenn á vinnustað.
- Bygging orlofshúsa - og þá er einungis fátt eitt nefnt af framfaramálum.

Listinn er vissulega tilkomumikill og ljóst að margt hefur áunnist á langri leið; margt sem við teljum nánast sjálfgefin réttindi dagsins í dag. En það er ekki nóg að huga að því sem er að baki. Verkalyðshreyfingin má aldrei sofa á verðinum því baráttan er eilíf. Ef við spilum ekki rétt úr þeim spilum sem við höfum á hendi þá er alltaf hætta á að við glötum því sem áunnist hefur.



Konurnar fjórar eru fluttu ávörp, f.v. Lovísa Jónsdóttir, Signý Jóhannsdóttir, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir.



Nemendur úr MA og VMA fluttu atriði úr söngleiknum „Súperstar.“

Næsta mál á dagskrá er að knýja fram hækkun þeirra sem lægst hafa launin. Sá hópur hefur setið eftir undanfarin ár og það er löngu tímabært að rétta hans hlut. Að því verður unnið á haustdögum þegar kjarasamningar verða teknir til endurskoðunar.

Ágætu félagar.

Það hefur svo sannarlega margt áunnist á liðinni öld, eins og dæmin, sem ég nefndi hér að framan, sýna. En ekkert af því hefur fengist baráttulaust. Baráttan er eilíf og við verðum að halda vöku okkar og sýna samstöðu í verki. Samstaðan hefur fleytt okkur yfir erfiðustu hjallana í 100 ár. Það mun samstaðan gera áfram svo lengi sem hún er órofna og eindræg. Höldum ótraud áfram því góða starfi sem verkalyðshreyfingin við Eyjafjörð hefur unnið í heila öld. Höldum merkinu áfram hátt á lofti!

Til hamingju með daginn!

Björn Snæbjörnsson



Að lokinni dagskrá var hátíðargestum boðið upp á kaffiveitngar.

Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót.



Samningar við Samtök atvinnulífsins

Starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, 22.400 krónur á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelldt starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hið sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs. Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof.

Samningur við Samninganefnd ríkisins

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót á árinu 2006 er 22.400 krónur ef miðað er við fullt starf.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfelldt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var lengur frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Orlofsuppbót í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetraföldu sem greiddur er tímabilið 1. júní til 30. apríl þannig að 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega.

Samningur við Launanefnd sveitarfélaga

Hinn 1. maí ár hvert skal starfsmaður, sem er í starfi til 30. apríl, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót á árinu 2006 er 22.400 krónur ef miðað er við fullt starf.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3ja mánaða (13 vikna) samfelldt starf á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofslaun.

10. bekkingar heimsóttir áttunda árið í röð



Nemendur úr 10. bekk Lundarskóla komu í heimsókn til Einingar-löju og fengu fræðslu um starfsemi verkalyðshreyfingarinnar.

Undanfarin ár hafa starfsmenn Einingar-löju heimsótt alla 10. bekk- inga á Eyjafjarðarsvæðinu. Í þessum heimsóknum er dreift bæklingnum „Láttu ekki plata þig!“ og kynnt fyrir nemendum í hverju starf verkalyðsfélaga er folgið og um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Það er starfsgreinasambandið sem gefur bæklinginn út, en hann er sérstaklega ætlaður ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Með bæk-

lingnum býður verkalyðshreyfingin allt ungt fólk velkomið í hóp félaga sinna og heitir því liðsinni sínu og væntir einnig þátttöku ungs fólks í félagslegu starfi hreyfingarinnar.

Þetta verkefni er nú í gangi áttunda árið í röð og að sögn forsvarsmanna Einingar-löju er greinilegt að það er að skila sér, því yngri félagsmenn virðast vita betur um réttindi sín og skyldur en áður og vita einnig hvert leita skal ef eitthvað bjátar á.



ÞÚ ÁTT RÉTT Á AÐ VITA HVAD HLUTIRNIR KOSTA

Verslunareigendum ber skylda til að verðmerkja allar vörur samkvæmt lögum. Þetta á jafnt við inni í verslunum sem í búðargluggum. Verðmerking á að vera vel sýnileg og ekki má fara á milli mála til hvaða vöru hún vísar.

Oft getur verið erfitt að átta sig á hagkvæmstu kaupunum þar sem úrval af vörum er mikið og pakkingar misstórar. Til að auðvelda þér að bera saman verð hafa því verið settar reglur sem skylda verslunareigendur til að gefa upp mæli-einingarverð vöru, auk söluverðs.

Notaðu rétt þinn.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • www.neytendastofa.is

Baráttan stendur og fellur með því að **sýna samstöðu**

- Kristín Hjálmarsdóttir, fyrrum formaður lðju, tekin tali



Kristín Hjálmarsdóttir starfaði lengi í forystusveit verkalyðsmála á Akureyri. Hún var formaður lðju frá 1981-1995 en hafði áður verið í stjórn félagsins og varaformaður þess. Hún er fædd á Akureyri, bjó í 10 ár á Halllandsnesi, en er nú flutt heim á ný, eins og hún segir sjálf.

Árið 1996, ári eftir að Kristín lét af embætti formanns, var hún gerð að heiðursfélaga í lðju. Kristín hefur þó komið að ýmsum málum fyrir verkalyðshreyfinguna eftir að hún lét af störfum og sat m.a. í afmælisnefndinni sem skipulagði 100 ára afmæli samfellds verkalyðsstarfs í Eyjafirði fyrr á þessu ári.

Kristín segir að áhuginn á verkalyðsmálum hafi alltaf verið fyrir hendi, en að hún hafi ekki farið út í þau af alvöru fyrr en hún fór út á vinnumarkaðinn á ný eftir að hafa sinnt börnum og heimili um nokkurra ára skeið. „Þegar ég fór á ný út á vinnumarkaðinn þá byrjaði ég sem trúnaðarmaður á Heklu, þar sem ég starfaði. Nú það vatt upp á sig og fór ég fljótlega að taka þátt í ýmsum störfum félagsins. lðja var blandað félag og þó svo að konur væru í meirihluta þá voru þær færri í stjórn og í trúnaðarráðum félagsins, en ég lét það nú ekki stoppa mig.

Ætli það hafi ekki verið árið 1965 sem ég byrjaði að starfa af einhverju ráði í félaginu. Ég hóf störf á skrifstofu félagsins 1980 og árið eftir tók ég við formennsku þegar Jón Ingimarsson, þáverandi formaður, féll frá. Ég hætti sem formaður árið 1995 en hef stundum verið fengin til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir félagið eftir það.“

Skemmtilegt en oft erfitt

Kristín segir að hún hafi nú lent í ýmsu á þessum árum.

„Það var skemmtilegt að standa í þessu og ég sé ekki eftir tímanum sem fór í þetta. Ég lærði mikið af því að standa í þessu brasi og þó ég hafi stundum alveg verið að því kominn að kikna undan álaginu, komst ég alltaf í gegnum þetta. Það var ekki mikið um verkfallsátök á minni vakt, en ég man samt eftir því að það voru einhver átök í gangi sem stóðu sem betur fer ekki yfir í langan tíma.

Þetta var og er enn allaf sami bardaginn, en stór hluti af baráttunni fór fram hjá Alþýðusambandi Íslands. Starfinu fylgdu auðvitað mikil ferðalög og oft kom það fyrir að maður þurfti að hanga fyrir sunnan í tíma og ótíma, það var nú ekki alltaf skemmtilegt. Ég man sérstaklega eftir einni Hvítasunnuhelgi sem ég þurfti að vera fyrir sunnan. Ég var búinn að biðja forseta Alþýðusambandsins nokkrum sinnum um að fá að fara heim



Við gamla lðjufánann. Kristín og Höskuldur Stefánsson fremst, aftan við eru Leifur Thorarensen og Jóhann Tr. Sigurðsson.



Myndin er tekin á 10 ára afmæli Landsambands iðnverkfólks. Talið f.v.: Barbara Arnars, Kristín, Leifur Thorarensen, Guðlaugur Bergmann, Guðmundur Þ. Jónsson formaður, Bjarni Jakobsson, Sigríður Skarphéðinsdóttir, Sigurbjörg Sveinsdóttir og Dröfn Jónsdóttir.



Á ASÍ-þingi.



Kristín í ræðustól á 1. maí 1995.

um helgina og koma aftur til baka á mánudeginum, en það var ekki hægt því allir áttu að vera á staðnum. Nú en auðvitað fór það svo að ekkert gerðist um helgina, eins og ég var nokkuð viss um,” segir Kristín.

Vantar meiri samheldni

Kristín segir að það hafi orðið töluverðar breytingar á ekki fleiri árum hvað varðar starfsemi stéttarfélaganna. „Það er nú ekki annað hægt að segja en að þetta sé á réttari leið, það hefur orðið töluvert mikil breyting á ekki fleiri árum. Mér finnst samt eins og það vanti meiri samheldni og nefni í því sambandi að engin 1. maí ganga var farin í ár. Ég varð mjög hissa á því, ekki síst vegna þess að við eru nýlega búin að minnast 100 ára afmælis samfelldrar verkalyðsbaráttu hér í Eyjafirði. Það eitt og sér hefði verið tilefni til að labba, en þegar forystan hefur misst áhugann, hvað þá með hinn almenna félagsmann? Við megum ekki gleyma því að baráttan stendur og fellur með því að sýna samstöðu.

Þessi umræða er ekki ný af nálinni því á þeim árum sem ég stóð í þessari baráttu þá heyrðust alltaf raddir, sérstaklega frá efri lögum hreyfingarinnar, um að þetta væri úrelt og gamaldags og að það ætti ekki að vera að efna til göngu 1. maí. Mér finnst þetta ekki góð stefna og trú því að þetta verði endurskoðað fyrir næsta ár. Auðvitað var maður oft óheppinn með veður og slíkt, en ætli þeir hafi nú ekki látið sig hafa það, þeir sem voru að berjast í upphafi fyrir bættum kjörum.”

Sameining af hinu góða en...

Kristín segir að sameining stéttarféлага sé áhugaverð þróun, en segir jafnframt að það verði að passa sig vel í slíkum málum. „Þó ég hafi verið hætt að vinna þá kom ég að sameiningu Einingar og Iðja á sínum tíma. Mér fannst það áhugaverð þróun og í raun það eina rétta í stöðunni. Þannig var að Iðja missti megnið af félagsmönnum sínum þegar verksmiðjurnar hrundu. Þá átti sér stað alveg rosaleg fækkun og því var þetta það eina í stöðunni til að fá fram sterkari heild.

Nú er verið að tala um frekari sameiningu hér í Eyja-

firði og eflaust er hægt að færa rök fyrir því að sameina eigi þessi félög. Við megum samt aldrei gleyma einstaklingunum, því þeir eru grunnur félaganna. Við verðum líka að vara okkur á því að félögin verði ekki alltof stór. Það er nauðsynlegt að persónulegu kynnin haldist, sem getur verið erfitt ef umfangið verður of mikið. Iðja var frekar lítið félag og algengt var að fólk kom á skrifstofuna til að spjalla og fá sér kaffisopa. Ég veit að þjóðfélagið er orðið breytt í dag, hraðinn orðinn mikill og menn gefa sér lítinn tíma í slíka hluti, en samt sem áður verða tengslin við félagsmenn alltaf að vera persónuleg. Þannig var það í Iðju og ég held að það hafi haft mikið að segja.”

Þarf að skapa góða aðstöðu

Þegar talið berst að atvinnuástandinu í bænum, segir Kristín að erfitt sé að koma fram með einhverja töfralausn til að draga úr því atvinnuleysi sem sé ríkjandi á svæðinu. „Því miður þá virðist vera frekar dauft yfir atvinnulífinu hér í bæ og eins finnst mér það frekar einhæft. Það vantar eitthvað til að koma með fjölbreytileika inn í það en hvað það ætti að vera veit ég ekki. Auðvitað er þetta líka spurning um hversu stjórn bæjarfélagsins er viljug til að búa þeim fyrirtækjum góða aðstöðu sem hingað vilja flytja.

Ég get nú ekki annað en spurt hvaðan verðmætin koma ef við eigum að lifa á verslun og þjónustu, eins og mér finnst staðan vera hér í bæ. Hver á að skapa verðmætin? Það vantar fleiri störf í grunngreinarnar, það hefur mikið breyst frá því að Akureyri var þekkt sem iðnaðarbær.”

Krafan er enn sú sama

„Það virðist sem krafan sé enn sú sama í dag og í þá tíð er menn hófu baráttuna, það að við getum lifað á dagvinnulaunum. Enn erum við á þessum sama reit. Auðvitað hefur mjög margt áunnist á þessum tíma, en krafan er enn sú sama. Hinn almenni verkamaður getur ekki lifað á dagvinnunni einni saman og því er nauðsynlegt að breyta,” segir Kristín að lokum.



Kristín fánaberi á 1. maí, ekki í fyrsta sinn.



Heiðursfélaginn Kristín 1996.

To Eining-Iðja members

The seventh general meeting of Eining-Iðja was held in Akureyri, Thursday evening 27 April inst. The meeting was well attended and the union chairman Björn Snæbjörnsson stated, that based on the current situation, he felt it was absolutely clear that in the autumn the local unions would conduct a vote on the termination of wage contracts.

Eining-Iðja's financial performance was highly satisfactory. Gain on the union's regular operations was over ISK 33 billion in 2005. Over 50% of union members received payments from union funds, an increase of approximately 6% compared to the previous year which is to be regarded as very acceptable.



In his address, Björn Snæbjörnsson indicated that with regard to the union, prospects were not as promising as often before. „There is considerable unemployment in the area and I am afraid this may well increase with the opening of borders on 1 May when people from the EU countries will be able to come here to work without employment permits. I feel there is a reason to be

concerned about this and we must remain alert in the

near future with regard to this aspect.”

Björn Snæbjörnsson said inflation was currently rising, a development which hits those people hardest whose wages are lowest and who have accumulated debt during the past boom years. „Now this time appears to be behind us and we all know that the boom was not a benefit to all. But what is there to be done? We have a government that is seen to be aimlessly adrift! In those circles there is no inclination to respond to the situation with intelligent action. It is quite clear in my mind that the coming autumn will see voting on termination of contracts in the local unions. Judging by the present situation, nothing will be able to prevent that.”

He also referred to the fact that Eining-Iðja, by far the largest union outside the capital area, has a key role in the outlying regions and that its chairman is a member of the combined group of chairmen of national federations and the three largest unions, i.e. the team which lays down the lines for the Icelandic Confederation of Labour. Mr. Snæbjörnsson also mentioned that this spring it has been suggested that all the unions in the

Eyjafljórdur area should merge into one departmentalised union, including Vaka in Siglufjórdur. „I am strongly in favour of this and I envisage a union of over 8,000 members which could conduct a highly efficient service in its entire operational area. We shall see during the course of the year, whether this is favoured by the membership,” said Mr. Snæbjörnsson

Sweeping changes in regulations relating to the sickness benefit fund

At the meeting, radical changes were made in regulations regarding the union sickness benefit fund, the most significant of which relate to grants from the fund. Thus there is an innovation in fund regulations concerning payments with regard to children with chronic illnesses or disabilities as well as the serious illness of a spouse. Significant changes have also been made in death pensions as well as per diem payments in case of absence from work due to illness or accident.

Trade unions in Iceland must comply with the model regulations of the Icelandic Confederation of Labour (ASÍ) as regards unions' sickness benefit funds, although they are authorised to grant members benefits in addition to those laid down in the regulations. In all alterations that have now been made, Eining-Iðja is granting benefits over and above those specified in the model regulations.

A total of 1,346 union members received benefits and grants from the sickness benefit fund last year, amounting to just under ISK 46 million. This means that over 27% of members received some form of payment from the union's sickness benefit fund.

Are you entitled to a holiday bonus?

Eining-Iðja would like to remind members of their entitlement to a so-called holiday bonus. According to employment contracts, employees who have earned the full right to a holiday allowance by working for the same employer during the past holiday allowance year (1 May to 30 April) and were in employment during the last week of April or the first week of May, will receive a special single payment, a so-called holiday bonus.

The holiday bonus for the year 2006 is ISK 22,400 based on full employment and is proportional to employment ratio and work period. In this connection, full employment is regarded as 45 worked weeks or more, outside of a holiday period. In the event that an employee terminates work due to age, or after 12 weeks of uninterrupted work during the holiday pay year, he/she shall, upon termination of employment, receive a holiday bonus with respect to the period worked, proportional to employment ratio and work period. The same applies in the event that an employee is absent from work due to illness after the employer's payment

obligation has expired or due to maternity leave. Holiday allowance is not added to the sum of holiday bonus.

Employees, please note!

Issued pay rates specify minimum pay. It is not permitted to pay lower rates than specified in issued pay rates.

Holiday allowance is added to the pay rate. The minimum holiday allowance is a 10.17% addition to negotiated pay rates.

A flat hourly rate, regardless of time or number of hours worked, does not exist in negotiated pay rates. If you are being paid at a flat hourly rate, do contact the union which will check the method of calculation.

Everyone is entitled to a sickness benefit, based on working age. A different arrangement cannot be negotiated. The right to sickness benefit is guaranteed by an Act of Parliament.

You should seek advice from your union if you are offered a subcontracting agreement. A subcontractor has no union rights, such as accident insurance, sickness benefit, holiday allowance or pension rights.

Have you signed an employment contract? An employment contract is obligatory after one month of work.

To become a member of Eining-löja, you must submit a signed application for registration. Application forms



may be obtained from a shop steward, at your place of work, at a union office and on the website www.ein.is

Make sure that all your rights have been formally registered and recognised.

Eining- löja office telephones:

Akureyri	460-3600
Dalvík	466-1340
Ólafsfjörður	466-2434

Örfá sæti laus!

Enn eru örfá sæti laus í fjögurra daga síðsumarferð sem farin verður á Snæfellsnes 10. til 13. ágúst nk. Gist verður í svefnþokaplássum tvær nætur í Stykkishólmi, eina nótt á Arnarstapa og Hellnum. Ekið verður um Snæfellsnesið og frá Stykkishólmi verður boðið upp á siglingu um Breiðafjörð.

Ferðin kostar 16.000.- krónur á mann og innifalið í því verði er allur akstur, gisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og verður þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nesti sig sjálft og greiða fyrir siglingu á Breiðafirði.

Öafurkræft staðfestingargjald er 3.000.- krónur

Leiðsögumaður verður Inga Rósa Þórðardóttir, bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Ferð eldri félaga

Eining-löja vill minna á eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga laugardaginn 19. ágúst nk. Ekið verður til Siglufjarðar þar sem verður matast og Síldarminjasafnið skoðað. Á leiðinni heim til Akureyrar verður haldið um Fljótin og Skagafjörð og drukkið kaffi á Hólum.

Ferðin kostar 3.000 krónur á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar er á skrifstofu félagsins, Skipagötu 14 á Akureyri, og í síma 460 3600.



Afsláttur í Hvalfjarðargöngin

Félagsmenn Einingar-löju sem eru að fara að leggja leið sína á höfuðborgarsvæðið og ætla sér að aka í gegnum Hvalfjarðargöngin eru hér enn og aftur minntir á, að þeir geta sparað sér dágóðar upphæðir með því að koma við á skrifstofu félagsins áður en farið er af stað.

Á skrifstofunni eru til sölu miðar í Hvalfjarðargöngin á lægra verði en greiða þarf þegar borgað er við göngin. Óhætt er að segja að mál-tækið „safnast þegar saman kemur“ eigi svo sannarlega við hér, því á árinu 2005 spöruðu Einingar-löjufélagar sér 2,8 milljónir króna með því að kaupa miðana hjá félaginu.

Sá sem kaupir miða í göngin hjá Einingu-löju sparar nú 400 krónur á hverri ferð, því hægt er að kaupa miða á skrifstofunni á 600 krónur í stað þess að borga 1.000 krónur við sjálf göngin. Hægt er að spara 800 krónur ef farið er fram og tilbaka og því hvetur Eining-löja félagsmenn sína til að nýta sér þessa einföldu sparnaðarleið, sem er sannkölluð kjarabót.

Aðalfundir starfsgreinadeilda

Einingar-löðu



Frá aðalfundi Tækja-, flutninga- og byggingadeilda.

Aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-löðu voru haldnir að um miðjan mars í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Nú var sú nýbreytni tekin upp að halda alla fundina á sama tíma og mæltist það vel fyrir. Í byrjun voru allar deildir saman á fundi á fjórðu hæðinni en svo dreifðust þær um húsið. Á sameiginlega fundinum kynnti Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, niðurstöður Kristjáns Bragasonar, fyrrum framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, en hann gerði nýlega úttekt á starfsemi félagsins. Að því loknu héldu deildirnar halda áfram fundahöldum víðsvegar um húsið, þar sem rædd voru ýmis sérmál hverrar deildar fyrir sig.

Hér á eftir verður lítillega sagt frá hverjum fundi fyrir sig. Á bls. 28 og 29 eru birtir listar yfir allar stjórnir og nefndir starfsárið 2006-2007 og því er hér aðeins sagt frá breytingum sem urðu í stjórnnum deildanna, en ekki frá því hverjir eiga sæti í stjórnnum þeirra.

Tækja-, flutninga- og byggingadeild

Á aðalfundi deildarinnar sem haldinn var nýlega var að venju farið yfir það helsta sem gerðist á liðnu starfsári. Í máli Þorsteins J. Haraldssonar, formanns deildarinnar, kom m.a. fram að haldnir hafa verið fjórir stjórn-

arfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar. „Ýmis mál voru til umfjöllunar á stjórnarfundunum, til dæmis mikil umræða um undirboð erlends starfsfólks, gjaldþrot fyrirtækja, vinnustaðasamninga og hvernig við getum komið töxtum að greiddum launum. Einnig hvernig við eigum að fá starfsfélaga okkar til að verða virkir í félagsstarfinu,” sagði Þorsteinn og bætti við „ef þið hafið svar við því þá viljum við endilega fá að heyra það.”

Góðar og slæmar breytingar

Þorsteinn fór einnig aðeins yfir starfsemina í Tækja-, flutninga- og byggingageiranum í Eyjafirði. Hann sagði að það hefðu orðið ýmsar breytingar, bæði góðar og slæmar, og að einnig mætti velja því fyrir sér hvernig framtíðin verði í þessum greinum.

„Það eru engar greinar sem taka við eins miklu af erlendu starfsfólki, sem er eins erfitt að henda reiður á. Þetta er töluvert öðruvísi heldur en útlendingarnir sem koma til að vinna í fiskinum, þar hafa þeir farið inn á sömu kjörum og verið er að greiða öðrum á sama vinnustað. Hins vegar koma erlendir starfsmenn í okkar geira allt eins mikið í gegn um starfsmannaleigur og virðist afar erfitt að fylgjast með því og mikill vilji hjá vinnuveitendum til þess að fara í kring um lög og kjarasamninga.

Það er ljóst að okkar helsta baráttumál gagnvart þessari þróun er að verja félagsréttindin. Reyna að sjá til þess að þetta fólk fái sömu laun og aðrir fyrir sína vinnu, sé ekki á einhverjum verktakagreiðslum sem svo og svo mikið er dregið af áður en það fær það í sína vasa. Við verðum að vinna gegn þessum undirboðum með öllu móti.

Slippstöðin varð gjaldþrota á starfsárinu. Mikil orka og tími formannsins fór í þau mál, þar sem þetta var hans vinnustaður. Í svona málum virðist sannleikurinn vera lítills virði, það var ljóst að fyrirtækið var á leið í greiðslustöðvun og gjaldþrot og aldrei stóð til að bjarga því. Menn voru að kaupa sér tíma til að ná út öllum fjármunum sem hægt var áður en til gjaldþrots kom. Þetta getur ekki verið tilgangur laganna um greiðslustöðvun. Við vissum um mikinn

flutning fjármuna á síðustu klukkutímum fyrirtækisins og þar sem við höfðum ekki fengið greidd laun töldum við að þessir peningar ættu að koma til greiðslu launa, en svo varð ekki raunin. Fjármálastofnanir virðast eiga meiri rétt á peningum í greiðslustöðvun heldur en launamenn. Við urðum fyrir hótunum af hendi lögfræðings Landsbankans og fleiri aðila. Forsvarsmenn fyrirtækisins höfðu lofað að við fengjum að fylgjast með aðgerðum í þessu ferli. Svo virðist sem þessi loforð hafi verið gefin til að villa um fyrir starfsmönnum, aldrei hafi staðið til að þeir fengju neitt að vita um þau. Eins er augljóst að aldrei hefur staðið til að við fengjum launin okkar greidd, það átti greinilega að koma því á ábyrgðarsjóð.

Með aðgerðum okkar vildum við vekja athygli á því hvað gerist oft í raun þegar gjaldþrot verða og fá forsvarsmenn fyrirtækisins á fund með okkur. Þetta tókst, við vöktum athygli og við fengum fund með forsvarsmönnum. Það er svo spurningin hvort lögin eru rétt eins og þau eru eða hvort þau þarfnast ekki endurskoðunar og breytingar. Laun hljóta að vera forgangskrafa hvernig sem á það er lítið.

Nýtt fyrirtæki var reist úr rústunum og óskum við því alls góðs í framtíðinni og vonandi að skipasmíðaiðnaður fari að glæðast. Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum í Slippstöðinni fyrir stuðninginn í þessu máli öllu,” sagði Þorsteinn J. Haraldsson.

Breytingar á stjórn

Guðmundur Björnsson, Brynjólfur Magnússon og Reynir Helgason gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þakkaði Þorsteinn þeim fyrir góða viðkynningu og störf þeirra í þágu deildarinnar og félagsins. Í þeirra stað settust Guðmundur Guðmundsson, Gísli Arnarsson og Halldór Svavarsson í stjórn deildarinnar.

Opinbera deildin

Á aðalfundi Opinberu deildarinnar var að venju farið yfir það helsta sem gerðist á liðnu starfsári. Í máli Sigríðar K. Bjarkadóttur, formanns deildarinnar, kom m.a. fram

að haldnir voru tveir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar.

„Ýmis mál hafa verið til umfjöllunar á stjórnarfundunum, til dæmis mikil umræða um yfirvinnubann hjá Akureyrarbæ, en eins og kunnugt er var allri yfirvinnu hjá bænum sagt upp,“ sagði Sigríður.

Trúnaðarmannafundir

Allmargir fundir voru haldnir með trúnaðarmönnum á leikskólum þar sem rætt var fyrirkomulag undirbúningstíma leiðbeinanda, en helsta krafa þeirra við undirbúning kröfugerðar fyrir kjarasamninga var að fá fasta tíma í undirbúning eins og leikskólakennarar hafa. Þó er fastar kveðið á í nýgerðum kjarasamningi um að skylt sé að leiðbeinendum sé gert kleift að undirbúa foreldravíðtöl og fleira þess háttar.

Heimild til hækkunar launa

Síðla hausts var gerður kjarasamningur milli Reykjavíkurborgar og Eflingar, þar sem launahækkanir urðu talsvert meiri en náðust í samningnum við Launaneftina. „Eftir þennan samning var haldin launaráðstefna með fulltrúum sveitarstjórna, sem aðild eiga að Launaneftinni og var þá ákveðið að heimila sveitarfélögunum að hækka laun til samræmis við þennan samning. Akureyrarbær ákvað að nýta sér þessa heimild og hækka laun starfsmanna sinna. Mesta hækkun fengu þeir sem höfðu lægstu launin. Þessi hækkun gildir aðeins út samnings tímann og munum við því þurfa að semja um hana í næstu samningum og gott betur,“ sagði Sigríður.



Frá aðalfundi Opinberu deildarinnar.

Breytingar á stjórn

Guðmundur Karlsson og Laufey Kristjánsdóttir gáfu ekki kost á sér í stjórn fyrir næsta ár og þakkaði Sigríður þeim vel unnin störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild. Í þeirra stað settust Jóhanna Grétarsdóttir og Elísabet Skarphéðinsdóttir í stjórn deildarinnar.

Matvæladeildin

Anna Júlíusdóttir, formaður deildarinnar, fór að venju yfir það helsta sem gerðist á liðnu starfsári og fór einnig yfir starfsemina í matvælaðnaðinum í Eyjafirði. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi Matvæladeildarinnar. Ýmis mál voru til umfjöllunar á stjórnarfundunum, til dæmis var mikil umræða um námskeiðahald.

Matvælaðnaðurinn í Eyjafirði

Anna fór aðeins yfir starfsemina í matvælaðnaðinum í Eyjafirði, en þar hafa orðið ýmsar breytingar, bæði góðar og slæmar. „Í fyrsta lagi er Norðlenska orðið stærsta matvælafyrirtækið hér á landi og er nú rekið með hagnaði, sem vonandi verður til þess að launin hækki. Kjarnafæði var að kaupa sig inn í matvælafyrirtæki sem staðsett er á Blönduósi, og lofar bara góðu. Kjarnafæði hefur nú um margra ára skeið verið að stækka og gera góða hluti. Mikil uppbygging hefur orðið í Norðurmjólk og til dæmis hefur verið tekið í notkun þar nýtt tölvuvætt stýrikerfi sem stjórnar flæði mjólkur inn í hinar ýmsu vinnslur. Nú er líka á leiðinni ný þökkunarvél fyrir skyr og skyrdrykki. Grímseyingar hafa fært út kvíarnar. Þeir keyptu fiskvinnslufyrirtækið IceDan á Dalvík, skiptu um nafn á því, nú heitir það Krækir og eru að auka við mannskap. Það neikvæða er auðvitað að Rípill í Ólafsfirði varð gjaldþrota á síðasta ári, eins og þið vituð sjálfsagt og afar leitt að sjá á bak þeirri vinnslu.

Eins og fram hefur komið í fréttum og víðar hefur rækjuvinnsla verið á stöðugri niðurleið um nokkurn tíma og hefur Samherji dregið verulega úr rækjuvinnslu sinni hér við Eyjafjörð. Til dæmis er bara unnið á einni vakt í Strýtu í staðinn fyrir að þegar best lét var unnið á þremur vöktum. Samherji hefur einnig stýtt vinnutíma í fiskvinnslunni á Dalvík, þannig að nú er ekki unnið nema í tíu tíma. Fyrir stuttu auglýsti fyrirtækið eftir fólki. Um það bil 300 fyrirsurnir bárust á nokkrum dögum, en aðeins átta manns voru ráðnir. Kannski eru



Frá aðalfundi Matvæladeildar.

launakjörin ekki í samræmi við auglýsinguna? Þar var fullyrt að fólk gæti haft 340.000 krónur í mánaðarlaun.

Enn hafa orðið breytingar hjá Brimi. Fyrirtækinu var skipt upp rekstrareiningar, sem eiga að bera sig sjálfar, það er að segja landvinnslu og útgerð þannig að nú heitir landvinnslan á Akureyri ekki lengur Brim, heldur aftur orðin að ÚA. Þetta getur orðið áhyggjuefni þar sem kostnaður við reksturinn er örugglega mikill. Þarf ekki annað en að benda á hátt gengi krónunnar þannig að greinin hefur átt í miklum erfiðleikum. Einnig er flutningur á fiski örugglega gríðarlega dýr, þar sem skipin landa hvar sem er og síðan er fiskinum ekið til Akureyrar til vinnslu og síðan til Reykjavíkur eða Keflavíkur til útflutnings,“ sagði Anna.

Ferð til Svíþjóðar

Síðasta vor tók stjórnin þá ákvörðun að senda Önnu ásamt Elísabetu Jóhannsdóttur, formanni svæðisráðs Hríseyjar, og Mattildi Sigurjónsdóttur, varaformanni Einingar-löju, sem einnig er starfsmaður deildarinnar, til Stokkhólms til að kynna starfi sænsku verkalýðshreyfingarinnar. „Í leiðinni var okkur svo boðið í heimsókn í íslenska sendiráðið í Stokkhólmi. Mjög áhugavert var að sjá hvernig starfsemi verkalýðshreyfinga í öðrum löndum er háttað og ætti að halda áfram að kynna starfi annarra sem eru að fást við sömu hluti og við,“ sagði Anna.

Fundur um vinnuaðstöðu í kældu rými

Í nóvember var haldinn í Reykjavík fundur á matvælasviði Starfsgreinasambandsins um vinnuaðstöðu í kældu rými ásamt umfjöllun

um hávaðavarnir. Margrét Marvinsdóttir, varaformaður deildarinnar, og Stefán Aðalsteinsson meðstjórnandi fóru fyrir hönd félagsins á fundinn ásamt Matthildi.

Lönaðardeild

Eypór Karlsson, formaður deildarinnar, fór yfir helstu mál sem gerðust á liðnu starfsári og sagði m.a. að þrír stjórnarfundir hefðu verið haldnir frá síðasta aðalfundi „Nokkur mál hafa verið rædd á stjórnarfundum, þó sorglega fá. Helst þó bág staða iðnaðar á Akureyri og þann litla áhuga sem fólk innan lönaðardeildar hefur á málefnum sínum.“

Eypór sagði að fundur hefði verið haldin með Kristjáni Bragasyni síðla starfsárs, þar sem rætt var um skipulag og uppbyggingu Einingar-löju, meðal annars um hugsanlega fækkun og sameiningu deilda. „Nokkur umræða var um málið en full samstaða er um að skoða sameiningu lönaðardeildar og Tækja-, flutninga- og byggingadeildar.“

Breytingar á stjórn

Áslaug Kristjánsdóttir gaf ekki kost á sér í stjórn fyrir næsta ár og þakkaði Eypór henni vel unnin störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild. Í hennar stað settist Ingvar Sigurbjörnsson í stjórn deildarinnar.

Skinnaíðnaður

„Ég get ekki lokið máli án þess að minnst á að þann 10. mars síðastliðin var síðasti vinnudagurinn á Skinnaíðnaði. Forveri þess fyrirtækis var stofnaður 1897 og því eru liðin liðlega 100 ár frá stofnun, lengst af undir merkjum SÍS, sem veitti fjölda manns atvinnu. Ég vil að síðustu þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar sem ég hef fengið að berja augum og starfsmönnum Einingar löju. Sérstaklega vil ég þakka Þorsteini E. Arnórssyni, starfsmanni deildarinnar, fyrir samstarfið á árinu.“



Frá aðalfundi lönaðardeildar.

Þjónustudeildin

Valdimar Gunnarsson, formaður deildarinnar, sagði að á þeim þremur stjórnarfundum sem haldnir hafa verið á árinu hafi ýmis mál verið tekin til umfjöllunar, til dæmis umræða um námskeiðshald.

Valdimar fór svo aðeins yfir starfseminu í þjónustugeiranum í Eyjafirði og sagði að það væri ekki launungarmál að þetta væri sú starfsgrein sem sennilega er með hvað mesta starfsmannaveltu og var þá að tala t.d. um veitingahúsin. „Mikið hefur verið velt upp hlutum varðandi námskeiðshald fyrir starfsmenn þeirra, og í því sambandi var haldinn fundur 9. mars sl. með sýslumanni, fulltrúa frá lögreglunni, auk formanns og varaformanns Einingar-löju, einnig sat þennan fund formaður þjónustudeildarinnar. Fundur þessi var mjög gagnlegur og skiptust menn á skoðunum um þessi mál og þá sér í lagi um dyravörslu á skemmtistöðunum. Menn voru sammála um að skipa starfshóp til að fara yfir þessi mál og skila tillögum til sýslumanns um úrbætur. Starfhópin skipa: Valdimar Gunnarsson frá Einingu-löju, Daniel Guðjónsson frá lögreglunni og aðili frá sýslumanni.“

Breytingar á stjórn

Snorri Kristjánsson gaf ekki kost á sér í stjórn fyrir næsta ár og þakkaði Valdimar honum vel unnin störf í þágu deildarinnar og félagsins í heild. Í hans stað settist Kristbjörg Ingólfsdóttir í stjórn deildarinnar.



Frá aðalfundi þjónustudeildar.



Afsláttur hjá Edduhótelum

Edduhótelin buðu nýlega stéttarfélagum að kaupa greiðslumiða fyrir gistingu sumarið 2006 að andvirði kr. 5.400. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Ekki er innifalinn morgunverður.

Eining-löja ákvað að taka þessu boði Edduhótelanna og mun að auki greiða hvern miða niður um kr. 1.000 til félagsmanna sinna, því kostar hver miði kr. 4.400. Ekki verður dregið frá punktainn eign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða og því er hér um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2006 á slíkt herbergi að kosta kr. 7.200. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofu Einingar-löju.

Leyfilegt er að taka með sér börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum sem eru 15 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu, en hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

Sé gíst í herbergi m/baði greiðist aukagjald kr. 4.100 á herbergi. Athugið að aukagjald fyrir herbergi m/baði á Hótel Eddu Plus er kr. 5.700. Hótel Edda Plus eru Hótel Edda, Akureyri, Laugum í Sælingsdal, Hellissandi og Vík.

Varðandi veitingar þá vilja Edduhótelin taka fram að börn undir fimm ára aldri fá frían mat og börn 6 til 12 ára þurfa einungis að greiða hálf gald.

Verðlistaverð Edduhótelanna sumarið 2006 er eftirfarandi:

Tveggja manna herbergi m/handlaug	kr. 7.200
Tveggja manna herbergi m/baði	kr. 11.300
Hótel Edda Plus	kr. 12.900
Morgunverður á mann	kr. 900

ถึงสมาชิก Eining –Iðja ทุกท่าน

เอนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja) ได้จัดการประชุมครั้งที่เจ็ดขึ้นที่เมือง Akureyri ในตอนค่ำของวันพฤหัสบดีที่ 27 เมษายนที่ผ่านมา ในการประชุมครั้งนี้ มีสมาชิกเข้าร่วมประชุมกันมากมาย และคุณ Björn Snæbjörnsson ประธานฯได้กล่าวว่า สถานการณ์ในวันนี้ปรากฏชัดว่า ในฤดูหนาวที่จะถึงนี้ ทางสมาคมจะมีการยกเลิกสัญญาว่าจ้างบางฉบับ

สำหรับผลประโยชน์ของสมาชิกนั้น ยังคงอยู่ในสภาพที่มั่นคง ในปี 2005 ที่ผ่านมานั้น สหภาพฯได้รับผลประโยชน์จากการงาน และกิจกรรมของสหภาพฯจำนวน 33 ล้านโครนอร์ ซึ่งสมาชิกจำนวน 50 % ได้รับเงินอุดหนุนจากกองทุนสะสมของสหภาพฯ และมีจำนวนเพิ่มขึ้นประมาณ 6 % ทุกปี ซึ่งนับว่าดีมาก

คุณ Björn ยังกล่าวเพิ่มเติมว่า สถานภาพของสมาชิกฯภายในอนาคตนั้น อาจจะไม่ได้เท่าที่คาดหวังไว้เป็นเพราะ "จำนวนคนตกงานในเขตนี้มีเพิ่มขึ้น และข้าพเจ้ายังไม่สบายใจเกี่ยวกับ การเข้าประเทศอย่างอิสระ เพื่อมาทำงานโดยไม่ต้องขอใบอนุญาตทำงานและอยู่อาศัย ตามสนธิสัญญาระหว่างประเทศกลุ่ม ESB ซึ่งได้เริ่มใช้ในวันที่ 1 พฤษภาคม ซึ่งสิ่งต่างๆเหล่านี้จะต้องติดตามเอาใจใส่อย่างต่อเนื่อง"

คุณ Björn ยังกล่าวต่อไปอีกว่า ขณะนี้ได้เกิดภาวะค่าเงินเพื่อขึ้น ซึ่งมีผลต่อบุคคลที่มีเงินเดือนน้อย และบุคคลที่กู้เงินในเวลาที่อัตราดอกเบี้ยต่ำ "ถ้าย้อนกลับไปที่ ความเป็นอยู่ของบุคคลทั่วไปนั้นนับว่าดี แต่ก็ไม่ใช่ทุกคนไป เราจะทำอย่างไรดี? เพราะรัฐบาลของเรานั้น ปลดปล่อยชีวิตความเป็นอยู่ของเรา ให้ลอยไปกับสายน้ำที่ไหลไป! ไม่คิดที่จะปฏิบัติการช่วยเหลือแต่อย่างใด ในความคิดของข้าพเจ้านั้น เห็นว่าในฤดูหนาวที่จะถึงนี้ ทางสมาคมจะมีการยกเลิกสัญญาว่าจ้างบางฉบับอย่างแน่นอน ซึ่งในวันนี้ ก็ยังไม่เห็นว่าจะมีปัญหาแต่อย่างใด"

เขากล่าวอีกว่า สถานภาพของสหภาพ Eining-Iðja นี้ นับเป็นสหภาพฯที่ใหญ่ที่สุดสหภาพหนึ่งในเขตชนบท, มีบทบาทหน้าที่ที่สำคัญในชนบท และประธานฯของเรายังได้มีตำแหน่งที่สำคัญในกลุ่มคณะกรรมการที่สำคัญของชนบท และยังเป็นสาม-สมาคมที่ใหญ่ที่สุด ที่มีส่วนในการวางแผนงานให้กับ ASÍ คุณ Björn ยังย้ำอีกว่า ในภาคฤดูใบไม้ผลินี้ ได้มีความคิดที่จะทำงานร่วมกับสมาคมฯทั้งหมด ที่อยู่ในเขต Eyjafjörður, ที่ วาคา Siglufjörður (Vaka Siglufjörður) หมายถึงรวมสหภาพฯเข้าด้วยกัน แต่ทำการแยกแยะแผนกออกไป คุณ Björn กล่าวว่า "ซึ่งหมายความว่า จะมีสมาชิกของสหภาพฯ ที่จะได้รับสวัสดิการกลุ่มใหญ่ในเขตสหภาพฯทุกแห่งรวมทั้งสิ้น 8.000 คน ซึ่งแผนการต่างๆเหล่านี้ จะทราบได้ภายในปีนี้" มีการเปลี่ยนแปลงกฎเกณฑ์เกี่ยวกับกองทุนสะสมเมื่อยามเจ็บป่วย

ในที่ประชุม ได้มีการเปลี่ยนแปลงกฎเกณฑ์ เกี่ยวกับเงินอุดหนุนกองทุนสะสมเมื่อยามเจ็บป่วยสำหรับสมาชิกของสหภาพฯ การเปลี่ยนแปลงส่วนใหญ่ จะเกี่ยวข้องกับเงินกองทุนฯ กฎใหม่นี้จะครอบคลุมไปถึง เงินทุนเพื่อการเจ็บป่วยเรื้อรังสำหรับเด็ก และเด็กที่มีความทุพพลภาพหรือพิการ, การเจ็บป่วยสาหัสของคู่สมรส และยังมีเปลี่ยนแปลงในด้านของเงินกองทุนเพื่อการสูญเสียชีวิต และเงินรายวันเมื่อยามเจ็บป่วย และการสูญเสียอันเนื่องมาจากอุบัติเหตุ

สหภาพแรงงานทั่วประเทศ จะปฏิบัติตามกฎเกณฑ์บางประเภทของ ASÍ เช่น ด้านกองทุนสะสมเมื่อยามเจ็บป่วยสำหรับสมาชิกของสหภาพฯ แต่เราสามารถให้ผลประโยชน์แก่สมาชิกได้ดีกว่า ดังที่การเปลี่ยนแปลงต่างๆที่สหภาพ Eining-Iðja ได้กระทำมา ก็สามารถเพิ่มพูนผลประโยชน์ให้กับสมาชิก

เมื่อปีที่แล้วสมาชิกจำนวน 1.346 ท่าน ได้รับเงินอุดหนุนจากกองทุนสะสมเมื่อยามเจ็บป่วย ซึ่งทางสหภาพฯได้จ่ายไปรวมทั้งสิ้น 46 ล้านโครนอร์ ซึ่งหมายความว่า สมาชิกของสหภาพฯจำนวน 27% ได้รับเงินอุดหนุนดังกล่าวนี้

ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่?

สหภาพ Eining-Iðja ขอเน้นให้สมาชิกฯทราบถึงสิทธิในการได้รับเงิน ที่เรียกว่าเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน ตามสัญญาการว่าจ้างแรงงานสำหรับลูกจ้างกล่าวว่า บุคคลที่ได้รับสิทธิในการลาพักร้อนเต็มอัตรา คือจะต้องทำงานที่เดิม เป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30 เมษายน) หรือเริ่มทำงานในสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน หรือต้นเดือนพฤษภาคม จึงจะได้เงินโบนัสพิเศษ ภาคฤดูร้อนเต็มอัตรา

เงินโบนัสภาคฤดูร้อน สำหรับบุคคลที่ทำงานเต็มเวลาปี 2006 ได้แก่ 22.400 โครนอร์ เงินโบนัสดังกล่าวนี้ จะได้รับตามส่วน โดยจะคิดคำนวณจากระยะเวลาของการทำงาน หรือสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน บุคคลที่ทำงานเต็มเวลา ได้แก่ทำงานอาทิตย์ละ 45 ชั่วโมง หรือมากกว่า ซึ่งนอกเหนือ จากวันหยุดพักร้อน หากบุคคลที่ต้องออกจากงาน อันเนื่องมาจากอายุขัย หรือหลังจากได้ทำงานเต็มอัตราได้ครบ 12 อาทิตย์ของการมีสิทธิในการพักร้อนในปีดังกล่าว และเช่นเดียวกันสำหรับพนักงานที่ต้องออกจากงาน อันเนื่องมาจากการเจ็บป่วย ก็จะได้รับเงินชดเชยเมื่อออกจากงาน หรือเหตุเพราะการพักคลอด เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนจะไม่จ่ายสำหรับการพักร้อน

ข้อสังเกตเกี่ยวกับเงินเดือน!

อัตราค่าจ้างที่ได้แจ้งเป็นทางการไว้นั้น เป็นอัตราค่าจ้างขั้นต่ำ จึงห้ามจ่ายเงินเดือนต่ำกว่าอัตราค่าจ้างที่ได้กำหนดเอาไว้

เงินโบนัสนั้น จะเทียบกับอัตราของเงินเดือน เงินโบนัสขั้นต่ำสุด ได้แก่ 10,17% เพิ่มจากอัตราสัญญาว่าจ้าง

ตามอัตราเงินเดือนนั้น เงินเดือนจะไม่เท่ากันทุกเดือน หากท่านได้รับเงินเดือนเท่ากันทุกเดือน ควรไปขอคำปรึกษาที่สหภาพฯ เพื่อให้ช่วยตรวจตราใบเงินเดือน

พนักงานทุกคน มีสิทธิในการเจ็บป่วย โดยเทียบจากอายุการทำงาน ซึ่งไม่สามารถที่จะขออ้างในเหตุผลอื่นๆแต่อย่างใด การเจ็บป่วยจะได้รับการพิจารณาตามกฎหมายที่ออกมาจากรัฐสภา

สำหรับผู้ที่ต้องทำงานนอกสัญญาว่าจ้าง ก็ควรที่จะขอคำปรึกษากับสหภาพฯ เพราะผู้ที่ทำงานนอกสัญญาว่าจ้างนั้น ไม่มีสิทธิได้รับสวัสดิการต่างๆดังเช่น การประกันอุบัติเหตุ, สิทธิในการเจ็บป่วย, เงินโบนัส หรือสิทธิในการรับเงินบำนาญ

ท่านได้ทำการเซ็นสัญญาการว่าจ้างแล้วหรือยัง? โดยทั่วไปต้องทำการเซ็นสัญญาการว่าจ้าง หลังจากทำงานได้หนึ่งเดือนเต็ม

ผู้ที่จะเป็นสมาชิกของสหภาพ Eining-Iðja โดยสมัครได้นั้น ต้องทำการกรอกใบสมัครเป็นลายลักษณ์อักษร โดยขอใบสมัครได้ที่ ที่ปรึกษาพนักงานของบริษัทที่ท่านทำงาน, ที่สำนักงานของสหภาพฯ และที่เว็บไซต์ www.ein.is เพื่อท่านจะได้รับสิทธิอันถูกต้อง

สำนักงานเอนิ่ง-อิดล์ยา (Eining-Iðja):
ที่ Akureyri หมายเลขโทรศัพท์ 460-3600
ที่ Dalvík หมายเลขโทรศัพท์ 466-1340
ที่ Ólafsfirði หมายเลขโทรศัพท์ 466-2434

Atvinnuleysis- og vinnumiðlunar-kerfið gert markvissara

Nú liggja fyrir Alþingi tvö frumvörp er varða launafólk. Annars vegar er um að ræða frumvarp um atvinnuleysisstryggingar og hins vegar frumvarp um vinnumarkaðsaðgerðir. Þeim var vísað í Félagsmálanefnd Alþingis þann 2. maí sl. en búist er við að frumvörpin verði samþykkt sem lög nú er Alþingi hefur komið saman á ný eftir að fundum þess var frestað þann 4. til 30 maí sl. vegna sveitarstjórnarkosninganna sem fram fóru þann 27. maí sl.

Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra, var fengin til að fara yfir og útskýra helstu nýjungar og breytingar er munu fylgja þessum nýju lögum þegar þau taka gildi. Helena sagði að frumvörpin gætu tekið breytingum í meðförum þingsins, en sú hugmyndafræði sem liggur að baki frumvörpunum sé sú að gera atvinnuleysis- og vinnumiðlunarkerfið markvissara. „Þetta eru tvö kerfi sem vinna mjög náið saman og munu í raun vinna enn meira saman en verið hefur vegna þess að lögin um atvinnuleysisstryggingar og lög um vinnumarkaðsaðgerðir geta ekki staðið ein og sér.“

Helena segir að ráðgert hafi verið að lögin tækju gildi þann 1. júlí næstkomandi, en þar sem málunum var frestað þá viti hún ekki hvenær áætlað sé að þau taki gildi.

Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra.



70% af meðaltali heildarlauna

Með breytingum á atvinnuleysisstryggingakerfinu verða atvinnuleysisbætur tekjutengdar, úthlutunarnefndir lagðar niður, utan ein nefnd, reglubundin skráning fellur niður og skilvirkni innan kerfisins aukin. „Með tekjutengingu atvinnuleysisbóta er lagt til að atvinnuleitendur sem uppfylla skilyrði frumvarpsins eigi rétt á atvinnuleysisbótum sem nema 70% af meðaltali heildarlauna á ákveðnu viðmiðunartímabili í allt að þrjá mánuði. Þó er gert ráð fyrir að slíkar atvinnuleysisbætur geti ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 180.000 kr. á mánuði miðað við rétt til óskertra atvinnuleysisbóta. Eftir þrjá mánuði miðast upphæð bóta við grunnatvinnuleysisbætur sem í dag eru 4.431 kr. á dag eða 96.000 kr. á mánuði. Að auki er lagt til að lengd tímabils sem heimilt er að greiða samfelld atvinnuleysisbætur til atvinnuleitenda verði stýtt úr fimm árum í þrjú ár,“ segir Helena.

Hún segir að það muni taka lengri tíma að komast aftur inn í kerfið. „Einstaklingur, sem hefur lokið bótatímabili, mun komast aftur inn að tveimur árum liðnum en þarf þá að hafa unnið í a.m.k. sex mánuði á þessu tveggja ára tímabili. Hins vegar er gerð sú breyting að ef einstaklingur, sem hefur verið á bótum í t.d. þrjá mánuði fer í vinnu sem varir lengur en 24 mánuði og kemur til okkar aftur, þá byrjar hann á nýju bótatímabili og fær tekjutenginguna.“

Einstaklingsmiðað kerfi

Kerfið í dag er þannig uppbyggt að allt sé miðað við einstaklinginn og hans þarfir, þannig að allt sem er gert er gert á forsendum hvers og eins, með tilliti til hæfni, umhverfis, atvinnuástands o.s.frv.

„Eins og þetta er í dag þá er fólkið að koma til okkar hálfsmánaðarlega til að skrá sig. Það fara allir til ráðgjafa, misjafnlega oft eftir því hve þörfin er mikil. Nú starfa hjá okkur tveir ráðgjafar en mín tilfinning er sú að þeim þurfi að fjölga, miðað við þær breytingar sem gert er ráð fyrir. Mat á hæfni á að fara fram strax og viðkomandi skráir sig en eins og staðan er í dag þá erum við ekki í stakk búin til að mæta breyttum áherslum. Við verðum að endurskoða skrifstofuhaldið í heild því verkefnum á skrifstofunni á eftir að fjölga í framtíðinni. Í dag vinna sjö starfsmenn í sex starfsgildum á skrifstofunni á Akureyri og svo er einn starfsmaður á Húsavík í hálfu starfi.“

Miklar breytingar

Hvað varðar vinnumarkaðsræðin þá er lagt til að þessi hefðbundna skráning, sem fram hefur farið hálfsmánaðarlega, verði lögð niður. „Einstaklingi sem hefur skráð sig atvinnulausan í gildandi kerfi hefur verið skylt að skrá sig



*Á skrifstofu Svæðis-
vinnumiðlunar
Norðurlands eystra
í Skipagötu 14.*

reglulega einu sinni í viku eða á tveggja vikna fresti hjá Svæðisvinnumiðlun. Að öðrum kosti hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbótageiðslu þann tíma sem hann mætti ekki til skráningar. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að regluleg skráning verði lögð niður en í stað hennar komi til regluleg samskipti við ráðgjafa Svæðisvinnumiðlunar. Tíðni slíkrar ráðgjafar, þar á meðal þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum, miðast við þarfir hlutaðeigandi. Þó regluleg skráning falli niður er lögð skylda á að viðkomandi tilkynni það þegar hann hefur hætt atvinnuleit en þá á viðkomandi ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum. Um er að ræða eina tilkynningu í lokin þegar hinn tryggði hefur fengið vinnu eða hætt atvinnuleit af öðrum ástæðum, svo sem vegna náms,” segir Helena.

„Þeir sem þurfa á aðstoð að halda til að verða hæfari út á vinnumarkaðinum, alveg sama hvort þeir fá greiðslur frá atvinnuleysisstryggingasjóði, almannatryggingum eða félagsþjónustunni, geta leitað til okkar og óskað eftir þátttöku í vinnumarkaðsúræðum en með vinnumarkaðsúræðum er átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og úrræði sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda. Vinnumálastofnun mun halda utan um allt þetta. Það er alveg nýtt. Nú getur fólk átt kost á að fara í úrræði án tillits til þess hvar það eru að fá framfærsluna. Það er heilmikil breyting, því núverandi kerfi miðast við það að fólk sé að fá atvinnuleysisbætur.”

Mánaðarlegar greiðslur

„Nú er lagt til að atvinnuleysisbætur verði greiddar mánaðarlega í stað hálfsmánaðarlega og að allir þeir sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum fái greitt á sama tíma,” segir Helena. Það er talið betra fyrir fólk að fá greiðslur um hver mánaðamót enda algengt að gjalddagar ýmissa útgjalda heimilanna miðist við það tímamark.

Átta sig ekki á hvað við erum að gera

„Því miður þá er það svo að hinn almenni bæjarbúi virðist ekki þekkja til starfsemi okkar,” segir Helena. „Það eru margir sem halda að við séum bara að borga út bætur en átta sig ekki á því að við höfum aðstoðað ótalmarga

og að margir hafa fengið varanlegar lausnir sinna mála í gegnum okkur. Þeir sem hér hafa unnið hafa skilað frábæru starfi, en við erum enn að berjast við ákveðna ímynd eða ímyndarleysi. Eðli atvinnuleysis- og vinnumarkaðskerfisins hefur breyst mikið til batnaðar á síðastliðnum átta árum. Vinnumarkaðurinn hefur breyst mikið og kröfurnar eru orðnar miklu meiri. Það vantar oft að þeir einstaklingar sem hingað koma hugsi á jákvæðu nótunum, og líti á atvinnumissi sem tækifæri og stökkpall í betra starf. Þetta getur verið fyrsta skrefið að draumastarfinu.”

Fjölmörg úrræði í boði

„Þegar einstaklingur leitar til okkar er um tvennt að ræða: Hann getur sótt einungis um vinnu eða sótt um vinnu og bætur samtímis. Við sinnum líka þeim sem eru í starfi og vilja skipta um starf. Við bjóðum upp á fjölmörg úrræði og undir ákveðnum skilyrðum er t.d. hægt að sækja um að vera í námi, við erum með starfsþjálfun, starfskynningu og reynsluráðningu. Ef einhver er með viðskiptahugmynd er hægt að láta á hana reyna og þá fær viðkomandi sex mánaða svigrúm til að vinna að hugmyndinni og fær bætur á meðan.”

Boðið er upp á áhugasviðspróf, tölvunámskeið og sérstök úrræði fyrir ungt fólk. „Við höfum styrkt fólk til að sækja námskeið á eigin vegum og einnig höfum við verið að bjóða upp á hópráðgjöf og námskeið í atvinnuleit,” segir Helena.

Hún segir að nú sé verið að vinna að og reyna að fjármagna verkefnasetur fyrir ungt fólk. „Síðan vinnum við líka með sérstaka matslista fyrir þá sem erum búnir að vera lengi atvinnulausir. Með því erum við að reyna að finna röt vandans, vandinn getur verið fyrirbyggjandi en kemur ekki upp á yfirborðið, en með þessum listum erum við að fá mun meira af upplýsingum en við erum vön og þá er hægt að beita réttum úrræðum. Þetta virkar mjög vel og við eigum væntanlega eftir að þróa þessa vinnu betur.

Við erum alltaf á tánum, opin fyrir nýjungum og eins er verið að þróa það sem fyrir er. Hér fer fram heilmikið starf,” segir Helena að lokum.

Hitaveita í öll hús á Illugastöðum

Fyrsti hluti Reykjaveitu í Fnjóskadal var tekinn í notkun um miðjan maí, en um er að ræða hitaveita frá Reykjum, sem er fremsti byggður bær í Fnjóskadal, og að orlofsbyggðinni við Illugastaði. Verkið gekk framar vonum miðað við að dreifikerfið í Illugastöðum var lagt í desembermánuði og aðveituæðin á tímabilinu janúar til maí.

Við þennan fyrsta hluta Reykjaveitu er verið að tengja þrjú til fjögur íbúðarhús og 12 til 16 frístundahús á svæðinu frá Reykjum að Illugastöðum. Á Illugastöðum er búið að tengja 31 frístundahús, þjónustuhús, sundlaug og vélageymslu.

Í júlí á sl. ári skrifuðu Grýtubakkahreppur, Norðurorka hf. og Þingeyjarsveit undir viljayfirlýsingu um athugun á möguleikum þess að leggja hitaveitu frá Reykjum og allt til Grenivíkur. Sömu aðilar höfðu skömmu áður fengið niðurstöður hagkvæmniathugunar, sem Verkfræðistofa Norðurlands var fengin til að gera, vegna Reykjaveitu. Áður

höfðu Grýtubakkahreppur og Norðurorka hf. kannað ýmsa möguleika á hitaveitu fyrir Grýtubakkahrepp en viðunandi lausn ekki fundist.

Ekki er enn fullráðið hvort framhald verður á lagningu Reykjaveitu en þó verður reynt til þrautar að fjármagna verkefnið, að sögn Franz Árnasonar, forstjóra Norðurorku, en það er tæpast talið hagkvæmt nú. Með tilliti til þessa er stofnlögnin, sem nú er tekin í notkun frá Reykjum að Illugastöðum, höfð það við að hún nægi fyrir allan Fnjóskadal og Grýtubakkahrepp auk þeirrar aukningar sem gert er ráð fyrir, einkum þegar Vaðlaheiðargöng hafa verið boruð.



Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri og fulltrúi eigenda Norðurorku hf., ræsti veituna með því að styðja á hnapp við borholuna á Reykjum.



Vatni hleypt á fyrsta húsið. Hákon Hákonarson, formaður Félags málmíðnaðarmanna, hleypir vatni á hús nr. 21 á Illugastöðum, en það er í eigu Einingar-löju.

Bætt kjör og réttindi fatlaðra

Þann 4. maí sl. skrifuðu Alþýðusamband Íslands og Hlutverk - samtök um vinnu og verkþjálfun, undir sameiginlega yfirlýsingu um kjör og réttindi fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra. Yfirlýsingin er loka-hnykkur á samstarfi þessara samtaka sem staðið hefur um nokkurra ára skeið. Með henni sameinast samtökin um að stuðla að því að réttindi skv. kjarasamningum á almennum vinnumarkaði séu samræmd og virt á vinnustöðum fatlaðra og sameinast þannig í baráttu gegn mismunun gagnrart fötludum.

Á fundi Kjaranefndar Einingar-löju og Akureyrarbæjar sem haldinn var þann 16. maí sl. var samþykkt að óska eftir því við bæjarráð að veitt verði heimild til að vinna að undirbúningi þess að hrinda í framkvæmd frá 1. september 2006 þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja réttindi fatlaðra á vinnustöðum Akureyrarbæjar skv. yfirlýsingunni. Lagt er til að starfsmannastjóra, formanni Einingar-löju og forstöðumanni Plastiðjunnar Bjargs-löjulundar verði falið að

móta tillögu um framkvæmd, sem lögð verði fyrir bæjarráð til samþykktar.

Stór stund í málefnum fatlaðra

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að þetta sé stór stund í málefnum fatlaðra. „Þessir einstaklingar hafa í raun ekki haft neina félagsaðild, en nú er það breytt og allir eru komnir með félagsaðild. Við í stjórn Einingar-löju fögnum þessu og bjóðum þessa einstaklinga velkomna í félagið.“

Lausar vikur í orlofshúsum

Nú er lokið síðari úthlutun orlofshúsa hér innanlands á vegum Einingar-löju og enn eru til lausar vikur á flestum svæðum sem í boði eru. Eining-löja vill hvetja félagsmenn

sína til að kanna hvað enn er laust og skella sér í orlofshús í sumarfríinu.

Danmörk

Einnig eru nokkrar vikur lausar í orlofshúsinu sem Eining-löja og Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannapijónustu, hafa á leigu á Jótlandi í Danmörku, en fullbókað er í íbúðina sem Eining-löja tók á leigu í Kaupmannahöfn. - Nánari upplýsingar um lausar vikur eru veittar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri, í síma 460 3600 eða í netfanginu sigrun@ein.is



Íbúðum félagsins í Reykjavík fjölgað

Nú hefur Eining-löja tekið í notkun nýjar íbúðir í Reykjavík og því hefur félagið fjölgað íbúum sínum í Reykjavík um eina og hálfu á undanförunum mánuðum. Þær voru þrjár en eru nú fjórar og hálf.

Annars vegar er um að ræða þriggja herbergja íbúð á Grensásvegi 56, 1. hæð og hins vegar fjögurra herbergja íbúð á Kleppsvegi 132, sem félagið leigir að hálfu á móti Félagi byggingamanna Eyjafirði.

Óskum félagsmönnum farsældar í leik og starfi



www.kjarnafaedi.is



SAMHERJI HF
samherji.is



**SPARISJÓÐUR
ÓLAFSFIJÐAR**
www.spol.is



BLIKKRÁS EHF
ÓSEYRI 16 • 603 AKUREYRI



www.frost.is



Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7 • 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217



PENNINN BÓKVAL
Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051
www.penninn.is



www.national.is



**BLIKK- OG
TÆKNIPJÓNUSTAN hf.**

Sími 462 4017



samskip.is



Frostagötu 2a, 603 Akureyri, sími 462 3280 & 461 1155



Gránufélagsgötu 4
Sími 462 6200



**Verkfæðistofa
Norðurlands ehf**
www.vn.is



impra nýsköpunarmiðstöð
iðntæknistofun



RAFIÐNAÐARSKÓLINN



GRÝTUBAKKAHREPPUR
www.grenivik.is



Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545



Óseyri 2
Sími 460 4477



Sparisjórur Svarfdal - Dalvík
R h si Y S mi: 460 1800 Y www.sparisjorur/dalvik/



www.flytjandi.is



**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**

— þar sem tryggingar snúast um fólk

Gledilegt sumar á okkar ábyrgð!

www.vis.is




**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**

— þar sem tryggingar snúast um fólk



Stjórnir og nefndir

starfsárið 2006-2007



Stjórn Einingar-Iðju

Formaður: Björn Snæbjörnsson
 Varaformaður: Matthildur Sigurjónsdóttir
 Ritari: Halldóra H. Höskuldsdóttir
 Iðnaðardeild: Eypór Karlsson
 Matvælaeild: Anna Júlíusdóttir
 Opinbera deild: Sigríður K. Bjarkadóttir
 Tækja-, flutninga- og byggingadeild:
 Þorsteinn J. Haraldsson
 Þjónustudeild: Valdimar Gunnarsson
 Svæðisráð Dalvík: Guðrún Skarphéðinsdóttir
 Svæðisráð Grenivík: Marzibil E. Kristjánsdóttir
 Svæðisráð Hrísey: Elísabet Jóhannsdóttir
 Svæðisráð Ólafsfirði: Hafdís Kristjánsdóttir

Svæðisráð í Dalvíkurbyggð

Formaður: Guðrún Skarphéðinsdóttir
 Varaformaður: Ingigerður Jónsdóttir
 Ritari: Jón Arnar Helgason
 Varastjórn: Stefán Hólm Þorsteinsson
 Svana Jónsdóttir

Svæðisráð í Ólafsfirði

Formaður: Hafdís Kristjánsdóttir
 Varaformaður: Anna Sigríður Pálmadóttir
 Ritari: Kristín Anna Gunnólfssdóttir
 Varastjórn: Tryggvi M. Jónsson
 Svaborg Jóhannsdóttir

Svæðisráð í Hrísey

Formaður: Elísabet Jóhannsdóttir
 Varaformaður: Ingigerður Jónsdóttir
 Ritari: Matthildur Eva Antonsdóttir
 Varastjórn: Steinar Kjartansson
 Baldur Sigþórsson

Svæðisráð Grýtubakkahreppi

Formaður: Marzibil E. Kristjánsdóttir
 Varaformaður: Þórey Aðalsteinsdóttir
 Ritari: Gunnhildur Garðarsdóttir
 Varastjórn: Guðbjörg Herbertsdóttir
 Anita Lind Björnsdóttir

Stjórn iðnaðardeildar

Formaður: Eypór Karlsson
 Varaformaður: Jón Kristinn Arngrímsson
 Ritari: Sigrún Ásdís Jónsdóttir
 Meðstjórnendur: Björn Jónsson
 Valborg Aðalgeirsdóttir
 Varamenn: Garðar Vesteinsson
 Friðrik Þór Valsson
 Ingvar Sigurbjörnsson

Stjórn Matvælaeildar

Formaður: Anna Júlíusdóttir
 Varaformaður: Margrét H. Marvinsdóttir
 Ritari: Magnús Björnsson
 Meðstjórnendur: Stefán Aðalsteinsson
 Egill Ragnarsson
 Varamenn: Geir Óskarsson
 Birna Harðardóttir
 Sigríður Jósepsdóttir

Stjórn Opinberu deildar

Formaður: Sigríður K. Bjarkadóttir
 Varaformaður: Erla Hrunð Friðfinnsdóttir
 Ritari: Svanhildur Sigtryggsdóttir
 Meðstjórnendur: Ásrún Ásgeirsdóttir
 Marzibil E. Kristjánsdóttir
 Varamenn: Geir Guðmundsson
 Jóhanna Grétarsdóttir
 Elísabet Skarphéðinsdóttir

Stjórn Tækja-, flutninga- og byggingadeildar

Formaður: Þorsteinn J. Haraldsson
 Varaformaður: Ingvar Kristjánsson
 Ritari: Sigurður S. Ingólfsson
 Meðstjórnendur: Tryggvi Kristjánsson
 Einir V. Björnsson
 Varamenn: Guðmundur Guðmundsson
 Gísli Arnarsson,
 Halldór Svavarsson

Stjórn Þjónustudeildar

Formaður: Valdimar Gunnarsson
 Varaformaður: Aðalbjörg Sigvaldadóttir
 Ritari: Júlíana G. Kristjánsdóttir
 Meðstjórnendur: Halldóra H. Höskuldsdóttir
 Sigurður Þ. Karlsson
 Varamenn: Jakob Tryggvason
 Erna Friðriksdóttir
 Kristbjörg Ingólfssdóttir

Fulltrúar í stjórn Tjarnagerðis

Aðalmenn: Guðmundur Björnsson
 Ingvar Kristjánsson
 Sigurður Randversson
 Varamenn: Geir Guðmundsson
 Sigurður Sv. Ingólfsson

Stjórn sjúkrasjóðs

Aðalmenn: Sigrún Lárusdóttir
 Aðalbjörg Sigvaldadóttir
 Geirlaug Sigurjónsdóttir

Varamenn: Geir Guðmundsson
 Guðrún Helgadóttir
 Lára Einarsdóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs

Aðalmenn: Erna Friðriksdóttir
 Tryggvi Kristjánsson
 Sigurður Sv. Ingólfsson
 Varamenn: Stefán Benjamínsson
 Egill Ragnarsson
 Sigríður Jóna Gísladóttir

Stjórn Fræðslusjóðs

Guðrún Skarphéðinsdóttir
 Hafdís Kristjánsdóttir
 Matthildur Sigurjónsdóttir
 Steinþór Lúthersson
 Felix Rafn Felixson
 Sigurður Karlsson
 Gísli Arnarsson
 Unnur María Hjálmarsdóttir

Ritnefnd

Erla Hrunð Friðfinnsdóttir
 Kristbjörg Ingólfssdóttir
 Kristín Anna Gunnólfssdóttir
 Anna Júlíusdóttir
 Valborg Aðalgeirsdóttir

Ferðanefnd

Björn Snæbjörnsson
 Hanna Dóra Ingadóttir
 Hólmfríður Helgadóttir
 Jakob Tryggvason
 Margrét H. Marvinsdóttir

Mæðrastyrksnefnd

Aðalmaður: Jóna Berta Jónsdóttir
 Varamaður: Björg Hansen

Kjörstjórn

Aðalmenn: Laufey Bragadóttir
 Karl Guðmundsson
 Varamenn: Sigurður Randversson
 Steinunn Rögnvaldsdóttir

Skoðunarmenn

Páll Vatnsdal
 Inga Vestmann

Varaskoðunarmaður

Ósk Finnsdóttir

Trúnaðarráð

(Auk eftirtalinna eru fulltrúar í stjórn félagsins, formenn og varaformenn deilda og svæðisráða sjálfkjörnir í trúnaðarráðið)

Iðnaðardeild

Björn Jónsson, Laxá
Friðrik Valsson, Sæplast Dalvík
Óli Jón Ólason, Gúmmívinnslnunni
Rannveig Kristmundsdóttir, Glófa
Valborg Aðalgeirsdóttir, Glófa

Matvæladeild

Anna M. Leósdóttir, Samherja Dalvík
Ása Ragnarsdóttir, Stiganda Ólafsfirði
Birna Harðardóttir, Norðlenska
Egill Ragnarsson, Samherja Hjalteyri
Elín Lárusdóttir, Sólrúnu Árskógsströnd
Geir Óskarsson, Samherja/Strýtu
Guðbjörg Herbertsdóttir, ÚA Grenivík
Hanna Eyrún Antonsd., Ísl. sjávarfangi ,Hrísey
Heiðar Ólason, Samherja/Strýtu
Hrefna Þorbergsdóttir, ÚA
Jón Þ. Benidiktsson, Fiskeldi Eyjafjarðar
Lára Einarsdóttir, Norðurmjólk
Magnús Björnsson, Vífilfelli
Matthías Angantýsson,
Fiskverkun Dagmanns Ingvasonar
Patcharee Srikongkaew, ÚA

Sigríður Gísladóttir, ÚA
Sigríður Jósepsdóttir, Samherja Dalvík
Stefán Aðalsteinsson, Kjarnafæði
Stefán Benjamínsson,
Íshúsf. Vestmannaeyja/Krossanes
Steinþór Lúthersson, ÚA

Þjónustudeild

Anika Lind Björnsdóttir, Bautinn
Áslaug Bára Loftsdóttir, Sparisj. Ólafsfj. ræsting
Erna Friðriksdóttir, Veislubjónustunni
Jakob Tryggvason, Securitas
Júlíana Kristjánsdóttir, ISS Ísland
Kristbjörg Ingólfssdóttir, Landsbankanum
Sigurður Þ. Karlsson, Securitas

Tækja-, flutninga- og byggingadeild

Bjarni Hjaltalín, Bústólpa
Einir Björnsson, SBA Norðurleið
Gísli Arnarsson, Sandblæstri og málmhúðun
Heiðar Jónsson, Hyrna
Hilmir Helgason, BM Vallá
Kristín Anna Gunnólfssdóttir, Löndun Ólafsfirði
Ólafur Theódórsson, SBA Norðurleið
Sigurður Sveinn Ingólfsson, Norðurmjólk
Tryggvi Kristjánsson, Dalvík

Opinbera deildin

Aðalsteinn P. Bjarkason, Lundur

Anna Jónsdóttir, FSA
Arna Brynja Ragnarsdóttir, FSA/Kristnes
Arna Stefánsdóttir, Árskógarskóla
Ásrún Ásgeirsdóttir, Hjúkrunarheimilinu Hlíð
Dóra Herbertsdóttir, Félagsstarfinu Viðilundi
Elísabet Skarphéðinsdóttir,
Hrafnagilsskóla Eyjafjarðarsv.
Geir Guðmundsson, Vegagerð
Guðmundur Karlsson, Sambýli Þrastarlundi
Guðríður Þorsteinsdóttir, Glerárskóla
Hanna Dóra Ingadóttir,
Leiksk. Álfaborg Svalbarðsströnd.
Hólmfríður Hreinsdóttir,
Heimaþjónustu Akureyrar
Inga Sigrún Ólafsdóttir,
Félagsstarfinu Kjarnalundi
Jóhanna M. Antonsdóttir, Oddeyrarskóla
Jón Jakobsson, Sambýli Klettatúni
Karítas Jónsdóttir, Síðuskóla
Lára Soffía Hrafnadóttir, Árskógsskóla
Sigrún Svava Stefánsdóttir, MA þvottahús
Sigurlaug Ólafsdóttir,
Leikskólanum Tröllaborgum
Soffía Sveinsdóttir, Skjaldarvík
Sólveig Jónasdóttir, Félagsstarf aldraðra Hlíð
Svanhildur Sigtryggsdóttir, Brekkuskóla
Valgerður Davíðsdóttir, Lundarskóla
Þórhalla Karlsdóttir, Leikskólanum Fagrahvammi



Strandgötu 3 • 600 Akureyri
Sími 440 2370
sjova.is

Menntasmiðja unga fólksins:

1. Haustönn hefst í september 2006

Alþjóðastofa:

1. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga.
2. Ráðgjöf og þjónusta.
3. Endur- og símenntunarnámskeið.

*


Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,

Glerárgötu 28, 3.hæð

sími: 462-7255

www.menntasmidjan.is

Krossgátan





4175

DRYKKUR		FRA BRET- LANDI	BÖRMUM SJOR FORNAFN	7. STAFUR FRA FUGLA	16	1			
KONA				18 TÓN- SMÍÐI		2			
MÖGL						3			
SKORT- UR				V		4			
MÖRK AFKVENI MATUR					1	5			
MAI 06	KONU ÞJALFAR	MAÐUR HLJÓÐ- FÆRI	SLÓÐIN KINDA GLÆPUR	SKAMM- STÖFUN	ÞJAKK	BÆTUM VIÐ TEPPI	HILL- INGAR	6	
HRUGU LAND	20			10			'ALIT ÆDA	7	
BNÖTH MANN GÆYONA						2	NAFAR KONUNGAR FERSK	8	
				SPARA ZEINS HÆKKUN				9	
VARÚÐ ASVAR					SAGA LEDJA MANN	3		10	
TIL- VILJUN YL		6					LÖNGUN GERIR KINDIN	11	
STREYMAT BUMBA								BORGA TÍU	12
				H'AR M'ALA F'AT		11	BELTI TRÚ- GJARN	17	13
TALA	M'ALM DANI	19			ZEINS TOTU STING FÖNN				14
KATINA			4		TIL RÍFU HJÓP		12		15
FÆÐR BLEKKING PRÁÐUR	13					HEYID FINUR			16
				HAF VAN- HEILLA TRAUST					17
PVER- BITA	E.S.						5 KONA GRÖM ÷ 0		18
		7			SAMB. KORÖNU FRUMEFNI				19
BÆKKESÍ GRANNU						14 DÝRA- HLJÓÐ	8		20

Lausn, reitir 1-20, er á bls 23.

Séreignardeild LN

Hvar er þín séreign?



Séreignardeild LN hefur náð framúrskarandi árangri frá stofnun. Á síðasta ári var nafnávöxtun Safns I **17,0%** og Safns II **27,5%**.

Vandaðu valið, veldu séreignarsparnað hjá Lífeyrissjóði Norðurlands




Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

VELGENGNI ER AÐ GLÍMA VIÐ VERKEFNI – OG FINNA LAUSNINA

Sú tilfinning sem fylgir því að ljúka verkefni á farsælan hátt – stóru eða smáu, krefjandi eða auðveldu – er engu lík.

Glitnir er á heimavelli á sviði fjármála og þar býr bankinn að langri reynslu. Okkur þykir fátt jafn gefandi og að finna snjalla lausn á flóknu úrlausnarefni. Lausn sem skilar viðskiptavinum okkar ávinningi.



**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN
ER OKKAR VERKEFNI**

GLITNIR